FRÉTTABLAÐIÐ

144. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 30. JÚNÍ 2020

Sannkallað blíðviðri var á höfuðborgarsvæðinu í gær og fór hiti vel yfir 20 gráður þegar sólin skein sem hæst. Það var því kærkomið fyrir þessa stelpur að kæla sig í gosbrunni við Gerðarsafn í Kópavogi, líkt og sjá má skemmtu þær sér mjög vel. Í dag má búast við hæglætisveðri í borginni með lítils háttar skúrum og hita á bilinu 8-13 stig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

MDE fjallar um mál Magnúsar

Mál Magnúsar Guðmundssonar, fyrrverandi bankastjóra Kaupþings í Lúxemborg, fær efnislega umfjöllun við Mannréttindadómstól Evrópu. Málið varðar meint vanhæfi tveggja dómara vegna starfa sona þeirra.

DÓMSMÁL Mannréttindadómstóll Evrópu (MDE) hefur fallist á að taka til efnislegrar meðferðar kæru Magnúsar Guðmundssonar, fyrrverandi bankastjóra Kaupþings í Lúxemborg, sem var sakfelldur fyrir aðild að markaðsmisnotkun og umboðssvik í svokölluðu Markaðsmisnotkunarmáli Kaupþings í Hæstaréttí árið 2016.

Með sakfellingunni var dómi héraðsdóms snúið við að hluta en þar var tveimur ákæruliðum á hendur honum vísað frá dómi en hann sýknaður af öðrum ákærum.

Kæra Magnúsar byggir á því að

» Sonur Ingveldar starfaði hjá Sérstökum saksóknara en sonur Þorgeirs hjá slitastjórn Kaupþings.

Ingveldur Einarsdóttir og Þorgeir Örlygsson, dómarar við Hæstarétt, hafi verið vanhæf til að fella dóm á mál hans vegna starfa sona þeirra. Sonur Ingveldar var aðstoðarsaksóknari hjá Sérstökum saksóknara og sonur Þorgeirs var yfirlögfræðingur hjá slitastjórn Kaupþings.

Í niðurstöðu MDE um Al Thani-málið var komist að þeirri niðurstöðu að hæfi dómarans Árna Kolbeinssonar hefði ekki verið hafið yfir vafa en sonur hans starfaði fyrir bankann bæði fyrir fall hans og eftir að hann varð gjaldþrota.

Í kæru Magnúsar er einnig byggt á hlutafjáreign dómara í föllnu bönkunum og vísað til Viðars Más Matthíassonar, Ingveldar Einarsdóttur, Ólafs Barkar Þorvaldssonar og Markúsar Sigurbjörnssonar.

Ekki er vitað til þess að aðrir í hópnum en Ingveldur hafi átt hlutabréf í Kaupþingi fyrir fall bankans. Af niðurstöðu MDE í Al Thani-málinu má draga þá ályktun að dómarar verði ekki taldir vanhæfir í málum sem vörðuðu aðra banka en þá sem þeir áttu fjárhagslega hagsmuni í og að þeir hagsmunir hafi þurft að vera umtalsverðir.

Niðurstaða um meðferðarhæfi kæru Magnúsar var birt á vef MDE 22. júní síðastliðinn. Þegar hefur verið kveðinn upp áfellisdómur í máli Elínar Vigfúsdóttur vegna hlutafjáreignar dómara í Landsbankanum og í Al-Thani málinu eins og áður sagði.

Fleiri íslensk mál um hlutafjáreign dómara bíða meðferðar í Strassborg. – aá

Malbikið ekki rétt blandað

SAMGÖNGUR Ólafur Guðmundsson umferðaröryggissérfræðingur segir malbikið á vegarkaflanum á Kjalarnesi, þar sem banaslys varð á sunnudag, ekki rétt blandað. Þá segir hann vegarkafla með sama malbiki vera víða á höfuðborgarsvæðinu og að varað hafi verið við hættunni þar.

„Þetta er gert þegar menn búa til hálkusvæði í tengslum við ökuskóla erlendis, þá setja menn extra mikið bik og úða svo vatni og þá verður þetta flughált," segir hann.

Malbikun á vegarkaflanum sem um ræðir var í höndum Loftorku og unnið var með efni frá Malbikunarstöðinni Höfða. Upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar segir endanlega ábyrgð liggja hjá Vegagerðinni og rannsókn sé hafin á því hvað fór úrskeiðis. – bdj, khg / sjá síðu 4

Veður



Fremur hæg breytileg átt í dag. Skýjað og lítils háttar skúrir suðvestanlands, en bjart að mestu norðan til. Hiti 10 til 15 stig, hlýjast fyrir norðan. SJÁ SÍÐU 18

Víðir segir afleiðingarnar alvarlegar ef smit kemur upp á viðburðum.

Hefur áhyggjur af seinni bylgju faraldursins

COVID-19 Víðir Reynisson, yfirlögregluþjónn hjá Ríkislögreglustjóra, hefur áhyggjur af því að kórónaveiran nái sér mögulega hratt á strik aftur og að seinni bylgja faraldursins sé nú væntanleg. Hann segir að við séum í annarri stöðu nú en fyrir viku og að almannavarnir muni ekki hika við að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu.

„Já, ég hef áhyggjur og við öll. Það er raunveruleg hætta á að úti séu samfélagsleg smit sem við náum ekki utan um. Því fleiri sem koma saman, því hraðari getur útbreiðslan orðið. Smitrakningin og sóttkvíin verða þá sömuleiðis enn umfangsmeiri," sagði Víðir í gær.

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir sagði í kvöldfréttum RÚV í gær að ekki væri útilokað að taka þurfi skref til baka í sóttvarnaráðstöfunum, til dæmis ef fleiri hópsýkingar koma upp.

Þá sagði hann að búið væri að rannsaka marga síðastliðna daga og að frekari rannsóknir væru fyrirhugaðar.

Aðspurður hvort núgildandi reglur um fjöldatakmarkanir yrðu í gildi fram yfir verslunarmannahelgi sagði hann það ekki gott að segja. „Við þurfum að taka eitt skref í einu, sjá hvernig okkur gengur að ráða við þessa hópsýkingu sem er í gangi áður en við förum að hugsa um næstu skref," sagði Þórólfur. – **uö**

Líf og fjör í Grímsnesi

Það var líf og fjör á tjaldsvæðinu Borg í Grímsnesi um helgina og verður líklega í allt sumar ef veður leyfir. Hálft ár er liðið frá því að fyrstu tilfelli kórónaveirunnar sem veldur COVID-19 greindust í Wuhan í Kína og mun faraldurinn setja mark sitt á öll ferðalög í sumar. Eins og myndin gefur til kynna er mjög auðvelt að njóta sín í tjaldferðalagi um landið og hafa yfirvöld hvatt Íslendinga til að ferðast innanlands í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Dæmt var í málinu á föstudaginn.

Borgin sýknuð

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað Reykjavíkurborg af kröfu Sérverks ehf. Verktakafyrirtækið, í samstarfi við Samtök iðnaðarins, krafði borgina um endurgreiðslu á um 120 milljóna króna innviðagjaldi vegna bygginga í Vogabyggð.

Líkt og Markaðurinn greindi frá í haust var um að ræða prófmál um lögmæti innviðagjaldsins. Dómurinn telur að greiðsluskyldan hvíli á gagnkvæmum samningi og sé því ekki skattur. Ber Sérverki að greiða tæpar tvær milljónir króna í málskostnað. – **ab**

Meirihluti fólks hafi ekki fylgt reglunum

Skógræktarstjóri segir að ástæðan fyrir lokun hjólhýsasvæðisins í Þjórsárdal sé að meirihlutinn fylgi ekki reglum. Miður sé að ákvörðunin bitni á minnihlutanum sem hafi staðið sig vel. Bærilega heiðarlegt sé að gefa árs fyrirvara.

SUÐURLAND „Þá má segja að við höfum gefist upp á þessu," segir Þröstur Eysteinsson skógræktarstjóri um þá ákvörðun Skógræktarinnar að framlengja ekki leigusamninga við hjólhýsaeigendur í Þjórsárdal.

Líkt og Fréttablaðið greindi frá í síðustu viku fengu leigjendur bréf í síðustu viku þar sem þeim var tilkynnt að til stæði að loka hjólhýsabyggðinni. Verða leigjendur að fjarlægja hjólhýsin, palla og annað fyrir 1. júní á næsta ári.

Yfir hundrað hjólhýsi eru á staðnum og snertir ákvörðunin um 300 til 400 manns. Hafa margir hverjir farið í dýrar framkvæmdir við hjólhýsin.

„Það var ekki síst vegna þess að það var ekki hægt að fá meirihluta fólks til að fylgja reglum svæðisins," segir Þröstur aðspurður um ástæður ákvörðunarinnar. „Því miður bitnar þetta á þeim sem hafa staðið sig vel, en það er minnihlutinn."

Þröstur segir beinar fjárhagslegar ástæður ekki hafa legið að baki lokuninni og ekki standi til að loka öðrum svæðum á vegum Skógræktarinnar. „Þetta er eina svæðið sem við erum að gefast upp á," segir hann. „Þarna mun nú fá að vaxa skógur."

Heiðveig María Einarsdóttir, formaður Félags áhugamanna um hjólhýsabyggð í Þjórsárdal, gagnrýndi fyrir helgi þann stutta fyrirvara sem leigjendur hafa til þess að hreinsa svæðin og að lögmaður félagsins sé nú að skoða réttarstöðu þeirra.

Þröstur segir ekkert annað hafa verið í boði en að gera þetta með þessum hætti. „Við getum ekki sagt upp samningum eftir að þeir eru útrunnir. Það skrifa allir undir samning til eins árs í senn og við bara tilkynntum að við hygðumst ekki reka svæðið áfram eftir að núgildandi samningar renna út," segir hann.

„Okkur fannst það bærilega heiðarlegt af okkur að gefa fólki heilt ár til að spá í sín mál."

Margir leigjendur á svæðinu hafa eytt milljónum króna í framkvæmdir.

> Þetta er eina svæðið sem við erum að gefast upp á.

Þröstur Eysteinsson, skógræktarstjóri

kristinnhaukur@frettabladid.is

islenska

TOYOTA

ALWAYS A BETTER WAY

ÁVÍSUN Á UPPLIFUN

Láttu sólina elta þig í sumar

Dráttarbeisli fyrir ævintýri sumarsins **fylgir með RAV4**

AYGO **Yaris** **Corolla** **Toyota C-HR** **Camry Hybrid**

Núna er tíminn til að gera góð kaup á nýjum AYGO, Yaris, Corolla, Toyota C-HR, Camry Hybrid eða RAV4. Hverjum slíkum nýjum bíl fylgir 100 til 200 þúsund króna gjafabréf sem þú átt val um að leysa út hjá Ellingsen, Líflandi eða Veiðihorninu. Að auki færðu dráttarbeisli með RAV4 fyrir ævintýri sumarsins. **Kíktu í heimsókn.**

Lífland selur hágæðavarning tengdan hestamennsku.
Veiðihornið er sérverslun veiðimannsins.
Ellingsen býður upp á allt fyrir útivistina og meira til.

Komdu við hjá næsta viðurkennda söluaðila Toyota og kannaðu hvernig landið liggur.
Sjá nánar á toyota.is

GLÆSILEGT
GJAFABRÉF
að andvirði
100.000 til 200.000 kr.
hjá einhverri af eftirtöldum verslunum:

ELLINGSEN LÍFLAND VEIÐIHORNIÐ

3+4 ÁBYRGÐ 2 ÁRA ÞJÓNUSTA

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

Gjafabréfið fylgir ekki með öðrum tilboðum. Bílarnir í þessari auglýsingu endurspegla ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Alls veiddu 315 bátar rúmlega 37 þúsund tonn umfram heimildir.

Hundruð báta veiddu ólögmætan afla

SJÁVARÚTVEGUR Alls veiddu 315 strandveiðibátar umfram veiðiheimildir í maí á þessu ár. Þetta kemur fram á vef Fiskistofu. Strandbátar hafa heimild til að fara tólf veiðiferðir í hverjum mánuði og veiða 650 þorskígildiskíló í hverri veiðiferð. Þegar veitt er umfram heimilaðan afla verður sá afli ólögmætur og á sama tíma frádreginn heildaraflaheimildum strandveiðibáta.

Þeir 315 bátar sem veiddu umfram heimild veiddu samtals rúmlega 37 þúsund tonn umfram og munu útgerðir bátanna greiða rúmar 8,6 milljónir króna í ríkissjóð. Sá bátur sem veiddi mestan ólögmætan afla í maí var Bára BA 30, 676 umframkíló og því næst Hrólfur AK 29, 589 umframkíló. **– bdj**

Þing óbreytt í Hörpu í haust

NORÐURLÖND Gengið er út frá því að þing Norðurlandaráðs verði haldið í Hörpu í lok október. Ákvörðun þess efnis var tekin á fundi forsætisnefndar ráðsins í síðustu viku. Sá fundur var rafrænn eins og aðrir fundir ráðsins undanfarna þrjá mánuði vegna COVID-19.

„Þó að tæknin hafi oftast virkað sem skyldi hefur þessi reynsla staðfest hve óumræðilega mikilvægt er að við hittumst reglulega í raunheimum, augliti til auglitis. Því gleður það okkur mjög að eins og staðan er í dag getum við haldið áfram að skipuleggja þingið í Reykjavík," segir Silja Dögg Gunnarsdóttir, forseti Norðurlandaráðs.

Fari svo að önnur bylgja COVID-19 skelli á Norðurlöndum eða hluta svæðisins í haust er hugsanlegt að aflýsa verði öllu þinginu," segir hún. Engin óþarfa áhætta verði tekin.

Á þinginu koma saman 87 þingmenn sem eiga sæti í Norðurlandaráði en þar að auki taka fjölmargir norrænir ráðherrar þátt í ýmsum viðburðum. **– sar**

Spennuþrungnar atkvæðagreiðslur í þinginu í gær

STJÓRNMÁL Þingheimur var í óðaönn að ljúka afgreiðslu síðustu þingmála vorþingsins þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi.

Þótt sjaldan ríki sérstök spenna um afgreiðslu þingmála var óvissa í loftinu í gær um afdrif þingmannafrumvarps Pírata um afnám refsinga við vörslu neysluskammta. Ekki var ljóst hvernig þingmenn hygðust greiða atkvæði um málið en skiptar skoðanir hafa verið um stefnu í fíkniefnamálum þvert á flokka.

Meðal annarra mála sem afgreidd voru í gær voru samgönguáætlanir og frumvarp um stofnun opinbers hlutafélags um samgönguinnviði á höfuðborgarsvæðinu. Þingmenn Miðflokksins héldu uppi málþófi vegna andstöðu sinnar við málið og skiptar skoðanir hafa verið um það innan stjórnarmeirihlutans.

Tveir þingmenn Sjálfstæðisflokksins, Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra og Sigríður Á. Andersen, formaður utanríkismálanefndar, kölluðu inn varamenn sína í atkvæðagreiðslurnar. Aðspurður sagðist Guðlaugur Þór vera á löngu ákveðnu ferðalagi um Snæfellsnes með utanríkisráðherra Færeyja. Fyrirspurn blaðsins um forföll Sigríðar var ekki svarað.

Meðal mála sem döguðu uppi við þinglok voru mál um skipun sendiherra, frumvarp um bætur fyrir meiðyrði, margumrætt fjölmiðlamál og frumvarp um þjóðarsjóð.

Þing kemur aftur saman á stuttum þingstubbi í lok ágúst til að ræða fjármálastefnu en ljóst varð snemma í COVID-faraldrinum að forsendur gildandi stefnu væru brostnar. **– aá**

Segir malbiksblönduna vera notaða við gerð hálkusvæða

Umferðaröryggissérfræðingur telur malbikið á vegarkaflanum á Kjalarnesi, þar sem banaslys varð á sunnudag, ekki hafa verið rétt blandað. Oft hafi verið varað við hættu á vegarkaflanum. Rannsókn er hafin á hvað fór úrskeiðis og segir upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar ábyrgðina endanlega liggja þar.

SAMGÖNGUR „Ég held að þetta sé vitlaust blandað, það er of mikið bik í þessu. Þetta er úti um allt, á Reykjanesbrautinni, við Smáralindina, á Gullinbrú. Það oft búið að kvarta undan þessu," segir Ólafur Guðmundsson umferðaröryggissérfræðingur um malbikið á vegarkaflanum á Kjalarnesi þar sem banaslys varð á sunnudag.

Hann segir að um léleg vinnubrögð sé að ræða og að margoft sé búið að benda á hættuna sem skapist við malbikun af þessu tagi. „Gæðaeftirlitið er ekki í lagi og það er ekki farið eftir uppskriftinni. Þetta eru að mínu viti léleg vinnubrögð. Þetta verður eins gler," segir Ólafur.

„Þegar það blotnar þá verður þetta glerhált. Þetta verður mjög lúmskt. Þetta er gert þegar menn búa til hálkusvæði í tengslum við ökuskóla erlendis, þá setja menn extra mikið bik og úða svo vatni og þá verður þetta flughált," bætir hann við.

Malbikun á vegarkaflanum sem um ræðir var í höndum Loftorku og unnið var með efni frá Malbikunarstöðinni Höfða. Ásberg K. Ingólfsson, framkvæmdastjóri Malbikunarstöðvarinnar Höfða, segir að rétt efni hafi verið afgreitt frá stöðinni. „Við uppfylltum þær kröfur sem komu frá verkkaupa og hann óskaði eftir. Framleiðsluniðurstöður okkar sýna það," segir hann.

Steinefnastærð hafi verið breytt frá hinu hefðbundna en það eigi þó ekki að hafa teljandi áhrif. „Þetta á að vera stöðluð uppskrift," segir Ásberg. Hvorki náðist í framkvæmdastjóra né forstjóra Loftorku við vinnslu þessarar fréttar.

Vegarkaflinn sem um ræðir er á Kjalarnesi, á milli Grundarhverfis og Hvalfjarðarganga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Gæðaeftirlitið er ekki í lagi og það er ekki farið eftir uppskriftinni.

Ólafur Guðmundsson

G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar, segir það nú í rannsókn hvað fór úrskeiðis. „Mér skilst að allar mælingar í malbikunarstöðinni hafi verið innan marka. Eigi að síður er malbikið of hált þegar það er lagt út. Það er ekki hægt að segja á þessari stundu hvort eitthvað hafi brugðist í framleiðslunni og það er eitt af því sem þarf að skoða gaumgæfilega," segir hann. Ýmsir þættir geti spilað inn í, svo sem hvernig völtunin var gerð.

„Við erum veghaldarinn og endanlega berum við ábyrgðina," segir G. Pétur. „En verktakinn skilar ekki því sem við viljum fá samkvæmt útboðsskilmálum þannig að þeir bera ábyrgð á því. Við þurfum hins vegar að vita af hverju þetta verður svona," segir hann. Þá segir hann Vegagerðina ekki farna að nálgast málið með kröfur á hendur Loftorku í huga. En Loftorka muni sjá um að leggja nýtt malbik yfir kaflann á Kjalarnesi og aðra hála kafla þar sem sama var uppi á teningnum, til dæmis við Gullinbrú. „Við vitum um þessa kafla og fylgjumst með þeim," segir G. Pétur og nefnir til dæmis kafla við Vífilsstaði. Kaflarnir séu merktir og séu ekki jafn slæmir og á Kjalarnesi.

birnadrofn@frettabladid.is
kristinnhaukur@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI
Jeep
RAM
FIAT

ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA
ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.
FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
BREYTINGAR Á JEEP®, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM
ALLIR BÍLAR SÓTTHREINSAÐIR
STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323

Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla

Úrval af felgum fyrir Jeep® og RAM

Upphækkunarsett í Wrangler

Upphækkunarsett í RAM

Falcon demparar

Varahlutaverslun **ÍSBAND** býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérpöntum varahluti í aðra USA bíla.

ARE AEV FALCON TERAFLEX

ISBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • **OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00**

SUZUKI

Way of Life!

SUZUKI JIMNY

LOKSINS TIL Á LAGER!

EFTIR LANGAN BIÐLISTA EIGUM VIÐ TIL ÖRFÁA BÍLA Á LAGER

GOOD DESIGN AWARD 2018
GOLD AWARD

Það er fernt sem skilgreinir Jimny sem ekta jeppa:

- Sterkbyggð grind
- Mikil veghæð
- Heilar hásingar með gormafjöðrun
- Fjórhjóladrif með lágu drifi

VERÐ FRÁ KR.
4.170.000

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.
Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.
Hvolsvellir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvellir 7.
Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.
Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.

SUZUKI

- **Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is**

Suzuki á Íslandi

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Stöðva þurfi forherðingu embættisins

Arnar Þór Stefánsson lögmaður sparaði ekki stóru orðin í málflutningi um kröfu umbjóðanda síns og kollega Steinbergs Finnbogasonar í síðustu viku. Arnar Þór sagði framferði saksóknara og rannsakenda geta gefið tilefni til áminningar, jafnvel refsimeðferðar.

DÓMSMÁL „Ég verð að standa hérna sem málsvari lögmanna í landinu við þessar aðstæður og vera dálítið grimmur við lögguna," sagði Arnar Þór Stefánsson hæstaréttarlögmaður í málflutningi í máli lögmannsins Steinbergs Finnbogasonar, í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðustu viku. Steinbergur fer í málinu fram á 10 milljónir í bætur frá ríkinu fyrir frelsissviptingu og aðrar íþyngjandi aðgerðir lögreglu vegna máls sem skjólstæðingur hans var sakborningur í.

Steinbergur var handtekinn á skrifstofum héraðssaksóknara í febrúar 2016, vegna gruns um að vera viðriðinn peningaþvættismál skjólstæðings síns, vistaður í Hverfissteini eina nótt og sætti einangrun í tvo sólarhringa í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Framkvæmdar voru húsleitir bæði á lögmannsstofu hans og heimili. Með úrskurði héraðsdóms rúmum þremur mánuðum síðar var embætti héraðssaksóknara gert að eyða afritum af öllum gögnum sem haldlögð voru í húsleit á lögmannsstofunni, með þeim rökum að með afritun gagnanna hefði trúnaðarskyldu milli lögmanns og skjólstæðinga hans verið með öllu varpað fyrir róða. Meðal gagna sem haldlögð voru í húsleitinni var mappa merkt nafni skjólstæðings Steinbergs í málinu auk þess sem tekin voru afrit af rúmlega tvö þúsund möppum í tölvum hans, merktum ýmsum málum og nöfnum skjólstæðinga.

Steinbergur hafði réttarstöðu sakbornings í málinu í 19 mánuði áður en mál hans var fellt niður hjá héraðssaksóknara án þess að ákæra væri gefin út gegn honum.

Síðari hluti aðalmeðferðar málsins fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í síðustu viku en fyrr í mánuðinum voru teknar skýrslur af nokkrum vitnum fyrir dómi, þar á meðal af Birni Þorvaldssyni, saksóknara hjá embætti héraðssaksóknara. Við upphaf þinghaldsins í síðustu viku lagði ríkislögmaður fram bókun þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við óbilgjarna framgöngu lögmanns Steinbergs gagnvart Birni er hann gaf skýrslu fyrir dómi. Í bókuninni og í málflutningi ríkislögmanns var gagnrýnt að lögmaðurinn hefði gefið í skyn að opinberir starfsmenn sem leiddir voru sem vitni í málinu, hefðu gerst sekir um brot í starfi.

Arnar Þór brást ókvæða við bókuninni og sagði lögreglu og saksóknara verða að þola að saumað væri að þeim, enda gæfi mál Steinbergs mögulega tilefni til áminningar á saksóknarann, og jafnvel rannsakendum vegna þess að í beiðnum um húsleitir og gæsluvarðhald hafi verið að finna staðhæfingar sem voru ekki í samræmi við fyrirliggjandi gögn úr skýrslutökum á þeim tíma. Þá væri ekki útilokað að fella mætti háttsemi saksóknarans undir ákvæði hegningarlaga um rangar sakargiftir. Þess vegna hefði hann varað Björn við því í upphafi skýrslutökunnar að hann kynni að fella á sig refsiábyrgð með skýrslugjöf sinni.

Steinbergur Finnbogason gat aðeins fylgst með fyrri hluta aðalmeðferðar máls síns en síðari daginn var hann sjálfur í málflutningi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

» Steinbergur var handtekinn vegna gruns um að vera viðriðinn mál skjólstæðings síns. Hann hafði réttarstöðu sakbornings í 19 mánuði.

„Ég held að Björn Þorvaldsson, sem er búinn að fá ansi marga bankamenn dæmda í fangelsi, eftir að hafa saumað að þeim, mætti nú alveg prófa að vera einu sinni spurður spjörunum úr og hafi nú bara gott af því," sagði Arnar Þór. Hann vísaði til skýrslugjafar lögreglumanna sem komu að handtöku Steinbergs, sögðust aðspurðir fyrir dómi óhræddir við að handtaka lögmenn og fara í húsleitir á lögmannsstofur, enda hefðu þeir farið í fjölda slíkra.

„Kannski er þetta vandinn," sagði Arnar og bætti við: „Kannski er embætti héraðssaksóknara sem áður hét Sérstakur saksóknari, komið það langt frá sakamálalögunum og veruleikanum, að það er kominn tími núna árið 2020 til að segja stopp. Forherðingin er orðin of mikil."

Það er kominn tími núna árið 2020 að segja stopp. Forherðingin er orðin of mikil.

Arnar Þór Stefánsson,
Hæstaréttarlögmaður

Arnar Þór sagði mál Steinbergs kornið sem fyllti mælinn. „Hér gengu menn of langt og framganga yfirvalda í þessu máli var ámælisverð."

Arnar Þór sagði þeim dómara sem úrskurðaði Steinberg í gæsluvarðhald og heimilaði húsleit á lögmannsstofu hans, vorkunn. Vegna skamms tíma sem dómarar hafi til að úrskurða um rannsóknaraðgerðir þurfi þeir að geta treyst því að staðhæfingar í beiðnum, sem renna eigi stoðum undir grun gagnvart sökuðum manni, séu réttar.

Nokkur umræða varð í þinghaldinu um málsmeðferð umræddra beiðna og sagði dómarinn í málinu, Pétur Dam Leifsson, málsmeðferð slíkra beiðna í raun ærið rannsóknarefni og tilvalið umræðuefni á Lagadegi, árlegum málþingsdegi lögfræðinga.

Ríkislögmaður viðurkennir að Steinbergur eigi bótarétt vegna frelsissviptingar að ósekju en hafnar bótakröfunni sem of hárri.

Dómur verður kveðinn upp í máli Steinbergs síðar í sumar.

adalheidur@frettabladid.is

MARAÞON

Úrval afþreyingar fyrir alla í sumar

NÝTT EFNI DAGLEGA

á aðeins **3.990** kr./mán.

KVIKMYNDIR
900+
TITLAR

BARNAEFNI
160+
TITLAR

ÞÁTTARAÐIR
400+
TITLAR



Eigðu skemmtilegt sumar með
Stöð 2 Maraþon, heima eða á ferðinni.
Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is.**

MARAÞON

MARAÞON

Úrval afþreyingar fyrir alla í sumar

NÝTT EFNI DAGLEGA

á aðeins 3.990 kr./mán.

KVIKMYNDIR 900+ TITLAR

BARNAEFNI 160+ TITLAR

ÞÁTTARAÐIR 400+ TITLAR



Eigðu skemmtilegt sumar með Stöð 2 Maraþon, heima eða á ferðinni. Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is.**

MARAÞON

Hinn íhaldssami Duda fékk aðeins 12 prósent á Íslandi en verður líklega endurkjörinn forseti Póllands. MYND/EPA

Forsetinn með lítinn stuðning hér á landi

Einvígi verður milli hins íhaldssama Andrzej Duda og hins frjálslynda Rafal Trzakowski í seinni umferð pólsku forsetakosninganna. Pólverjar sem búa á Íslandi styðja síður Duda en samlandar þeirra í heimalandinu.

PÓLLAND Andrzej Duda, forseti Póllands, leiðir forsetakosningarnar eftir fyrstu umferðina á sunnudag. Hlaut hann um 44 prósent sem þýðir að aðra umferð þarf til, milli hans og Rafal Trzakowski, hins frjálslynda borgarstjóra Varsjár, sem fékk um 30 prósent. Mun hún fara fram þann 12. júlí.

Niðurstöðurnar voru að miklu leyti í takt við kannanir, en þar var Duda spáð 42 prósenta fylgi og Trzakowski 30 prósentum.

Fjölmiðlamaðurinn óflokksbundni Szymon Holownia hlaut 13,3 prósent atkvæða og mun ekki taka þátt í seinni umferðinni. Kannanir benda til að meirihluti stuðningsmanna Holownia komi til með að styðja Trzaskowski í seinni umferðinni.

Búist er við því að Duda beri sigur úr býtum þó ekki með jafn afgerandi hætti og kannanir bentu til í apríl þegar kosningarnar áttu að fara fram en var frestað vegna COVID-19 faraldursins. Voru þá líkur á að hann myndi vinna með meirihluta í fyrri kosningunum.

Duda er frambjóðandi stjórnarflokksins íhaldssama Laga og réttlætis. Ef hann tapar má búast við talsverðum breytingum í átt að frjálslyndi í landinu, en Duda hefur meðal annars lýst samkynhneigð sem „hugmyndafræði hættulegri en kommúnisma“.

Pólverjar á Íslandi eru hins vegar ekki jafn hrifnir af honum og landar þeirra í heimalandinu. Því hann fékk aðeins rúm 400 atkvæði í kosningunni sem fór fram í pólska sendiráðinu, eða rúmlega 12 prósent atkvæða.

Trzakowski hefur heitið því að bæta samskipti landsins við ESB. MYND/EPA

Þetta er mjög í samræmi við þingkosningarnar sem fóru fram í október síðastliðnum. Lög og réttlæti tryggðu sér hreinan meirihluta á pólska þinginu með 44 prósentum atkvæða. En hér á Íslandi fékk flokkurinn aðeins 17 prósent og endaði í fjórða sæti.

Frjálslyndir frambjóðendur eiga fremur upp á pallborðið hér á Íslandi. Hlaut Trzakowski flest atkvæði, eða 33,5 prósent. Þar á eftir kom sjónvarpsmaðurinn Szymon Holownia með 24 prósent en hann fékk 14 í heildarkosningunni. Þá hefur Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur lýst yfir stuðningi við Trzakowski.

Athygli vekur að Krzysztof Bosak, frambjóðandi Þjóðfylkingar öfgahægrimanna, hlaut langtum betri kosningu hér á landi en í Póllandi, rúmlega 21 prósent á móti tæplega 7. En flokkur hans vill meðal annars taka upp dauðarefsingu að nýju, banna þungunarrof, leyfa byssueign almennings og er á móti réttindum innflytjenda og hinsegin fólks.

Þetta er reyndar einnig í samræmi við úrslit þingkosninganna árið 2019. Þá fengu öfgahægrimenn tæplega 26 prósent á Íslandi og voru næststærstir en fengu aðeins 7 prósent í heimalandinu.

Að lokum ber að nefna að Robert Biedron, frambjóðandi Vinstribandalagsins, fékk tæplega 7 prósent hér á Íslandi en aðeins rúm 2 í heildarkosningunni á sunnudag.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Lífslíkur á Íslandi með þeim mestu í Evrópu

SAMFÉLAG Meðalævilengd karla á Íslandi var 81 ár árið 2019 og meðalævilengd kvenna 84,2 ár. Frá árinu 1988 hafa karlar bætt við sig rúmlega sex árum og konur rúmlega fjórum í meðalævilengd. Frá þessu er greint á vef Hagstofunnar.

Á tíu ára tímabili, frá 2009 til 2018, var meðalævi karla lengst í Sviss, 80,9 ár, og skipuðu þeir fyrsta sætið í Evrópu. Fast á hæla þeim komu karlar á Íslandi með 80,8 ár og Liechtenstein með 80,4 ár. Sænskir og ítalskir karlar urðu að meðaltali 80,2 ára og Norðmenn 79,9 ára.

Á sama tímabili var meðalævi kvenna á Spáni 85,8 ár og í Frakklandi 85,6 ár og skipuðu þær fyrsta og annað sæti í Evrópu. Næst á eftir komu konur í Sviss með 85,2 ár, á Ítalíu með 85,1 ár, í Liechtenstein með 84,4 ár og Lúxemborg með 84,2 ár. Íslenskar konur skipuðu sjöunda sæti og urðu þá að meðaltali 84,1 árs.

Karlar hafa bætt sex árum við ævina frá 1988. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Árið 2019 létust 2.275 einstaklingar sem búsettir voru á Íslandi, 1.157 karlar og 1.118 konur. Dánartíðni var 6,3 látnir á hverja 1.000 íbúa og ungbarnadauði 1,1 barn af hverjum 1.000 lifandi fæddum árið 2019. **– uö**

ergomotion

Viltu hætta að hrjóta?

Frumsýnum Ergosmart snjallrúmið

Ergomotion, stærsti framleiðandi stillanlegra rúma í heimi er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu í svefntækni. Ergomotion kynnir nú einstakt snjallrúm. Ergosmart, snjallrúm sem mælir svefninn þinn, aðstoðar þið við að ná meiri svefngæðum, hvíld í svefni og hætta að hrjóta.

Sem leiðandi fyrirtæki í svefntækni hefur **Ergomotion** fengið til liðs við sig fjöldan allan af vísindamönnum, háskólum, rannsóknar- og tæknifyrirtækjum um heim allan til þess að þróa svefntækni sína á sem fullkomnasta og bestan hátt.

Ergomotion kemur með nútímalausn að aldar gömlu vandamáli! Hvernig á að ná réttri samsetningu af þægindum, stuðningi og heilsufarslegum ávinningi í svefni. Lausnina kynnir **Ergomotion** í snjallrúminu **ERGOSMART**.

ERGOSMART hefur hlotið verðlaun í tækni- og heilsugeiranum og ber þar hæst verðlaun á **CES í Las Vegas**.

Ergosmart snjallrúmið er með innbyggðum skynjurum og mælir hvernig þú hegðar þér í svefni. Rúmið mælir Hjartslátt, Öndun, Djúpsvefn, Hrotur, Hreyfingu, Rem svefn og gefur heildarsvefngæðum einkun.

Til að geta bætt svefn þarf að mæla hann og vita hver svefngæðin eru hverju sinni.
Þá aðeins er hægt að vinna í því að auka og bæta svefngæði á hverri nóttu.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Mælum gæði svefnsins
Við þurfum öll 8 tíma svefn

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Bolton segir áherslur Trumps ekki liggja í þjóðaröryggi

BANDARÍKIN John Bolton, fyrrverandi þjóðaröryggisráðgjafi Donalds Trump Bandaríkjaforseta, segir tíst Trumps um að hafa enga vitneskju um að Rússar hefðu reynt að greiða talibönum fyrir að drepa bandaríska hermenn, sýna fram á að Trump leggi ekki áherslu á þjóðaröryggi.

„Það að forsetinn hafi tíst um frétt sýnir hvar áherslur hans liggja, það er, ekki á öryggi þjóðar okkar, heldur hvort það líti út fyrir að hann hafi verið að fylgjast með. Það sem hann er í raun að segja er að þar sem enginn hafi upplýst hann, þá geti enginn kennt honum um," sagði Bolton við CNN.

» Bolton var þjóðaröryggisráðgjafi Trump í rúmt ár.

Trump og Bolton í ágúst í fyrra.

The New York Times greindi frá því fyrir helgi að Rússar hefðu boðið vígamönnum talibana í Afganistan fé fyrir að drepa bandaríska hermenn. Þá hefði Trump verið kynnt þetta á fundi í mars síðastliðnum. Hvíta húsið, rússnesk stjórnvöld og talsmaður talibana neita þessu.

Bolton, sem var ráðgjafi Ronalds Regan og Bush-feðganna í forsetatíð þeirra, gaf nýverið út bók þar sem hann útlistar ýmis vandamál tengd ákvörðunum Trumps. „Vandamálið við Trump hvað varðar þjóðaröryggismál er að hann er ekki í sambandi við raunveruleikann." **– ab**

Starfsmaður skimunarmiðstöðvar í Dallas skráir niður upplýsingar.

Dauðsföll komin yfir hálfa milljón

COVID-19 Dauðsföll af völdum COVID-19 sjúkdómsins eru orðin fleiri en hálf milljón á heimsvísu samkvæmt Reuters. Sjúkdómurinn er sérstaklega hættulegur þeim sem eldri eru og þeim sem tilheyra viðkvæmum hópum en í hópi þeirra sem hafa látist eru einnig börn og ungt fólk.

Þrátt fyrir að daglegum dauðsföllum vegna COVID-19 hafi farið fækkandi á síðustu vikum hafa sérfræðingar á sviði heilbrigðismála áhyggjur af fjölda nýrra tilfella í löndum á borð við Bandaríkin, Indland og Brasilíu.

Yfir tíu milljón tilfelli sjúkdómsins hafa greinst í heiminum og á hverjum degi á tímabilinu 1. til 27. júní létust yfir 4.700 manns af völdum hans. Það samsvarar 196 manneskjum á hverjum klukkutíma eða einu mannslífi á átján sekúndna fresti.

Fjórðungur allra dauðsfalla af völdum COVID-19 hefur átt sér stað í Bandaríkjunum eða tæplega 45 þúsund. **– bdj**

FRÉTTABLAÐIÐ
Vertu fyrst/ur að lesa blaðið
Fáðu fréttablað dagsins í tölvupósti kl. 3.00 á morgnana. Skráðu þig á póstlista blaðsins á www.frettabladid.is#nyskraning Það kostar ekkert.

Hroðaleg brot Kínverja gegn múslímskum Úígúr-konum

Ný rannsókn sýnir að hlutfall múslima í Xianjian-héraði í vesturhluta Kína er kerfisbundið minnkað með getnaðarvörnum, ófrjósemisaðgerðum og þungunarrofi. Meira en milljón konum hefur verið haldið í fangabúðum. Einnig er reynt að auka hlutfall Han-fólks í héraðinu, sem meirihluti Kínverja tilheyrir.

KÍNA Kínverska stjórnin hefur kerfisbundið brotið á múslímskum Úígúr-konum í Xinjiang í vesturhluta landsins með það að markmiði að reyna að minnka hlutfall þjóðarbrotsins í landinu. Samkvæmt nýrri rannsókn fréttastofunnar AP hafa hundruð þúsunda kvenna verið neydd til að nota getnaðarvarnir, kannað hefur verið hvort þær séu þungaðar og þungunarrof verið framkvæmt gegn vilja þeirra.

Aftur á móti hafa Han-konur í héraðinu verið hvattar til barneigna og almennar kínverskar reglur um barneignir eiga ekki við fyrir þann hóp. En mikill meirihluti Kínverja er af Han-þjóðflokknum.

Mannréttindabrot Kínverja á Úígúrum, sem eru 25 milljónir, eru vel þekkt. Í fyrra var skjölum lekið úr gagnagrunnum alþýðulýðveldisins þar sem fram kom að meira en einni milljón þeirra er haldið í skipulögðum fangabúðum, ótímabundið og háð því hversu vel fólkið tekur „endurmenntun". Meðferðinni í búðunum hefur verið lýst sem hroðalegri og óútskýrð dauðsföll eru fjölmörg.

Flestir sem dvelja í fangabúðunum eru karlmenn. Síðan 2017 hafa kínversk stjórnvöld neytt eiginkonur þeirra til að taka á móti Han-karlmönnum, útsendurum Kommúnistaflokksins, inn á heimili sín á meðan þeir eru í búðunum. Kallast prógrammið „Pörumst og verðum fjölskylda" og er sagt skipulagt til að efla samkennd milli þjóðflokkanna. Hlutverk útsendaranna er að fræða konurnar um hugmyndafræði kommúnismans en þeir sofa einnig í sömu rúmum og þær.

„Þeir vilja eyðileggja okkur sem þjóð," segir Gulnar Omirzakh, Úígúr-kona sem flúði til Kasakstans. Eftir að hún eignaðist sitt þriðja barn var hún neydd til að setja upp lykkjuna og sektuð um 360 þúsund krónur. Bláfátæk og með eiginmann í fangabúðum sá hún engan annan kost en að flýja. Annars hefði hún sjálf endað í búðunum.

Margar Úígúr-konur í vesturhluta Kína hafa lýst hroðalegri meðferð af hálfu kínverskra stjórnvalda. MYND/EPA

Þeir vilja eyðileggja okkur sem þjóð.

Gulnar Omirzakh, flóttakona

Önnur kona, Tursunay Ziyawudun, lýsir því að hafa verið send í búðirnar og sprautuð þar til hún hætti að fara á blæðingar. Einnig að sparkað hafi verið margsinnis í neðri hluta kviðar hennar í yfirheyrslum og geti hún nú ekki eignast börn.

Rannsókn AP leiðir í ljós að á aðeins fimm árum hefur fólksfjölgun í Xinjiang fallið um meira en 60 prósent. Árið 2015 var fjölgunin þar mest í öllu landinu en nú er héraðið meðal þeirra þar sem mest stöðnun ríkir í fólksfjölda. Tugmilljörðum króna hefur verið varið í getnaðarvarnir og ófrjósemisaðgerðir í héraðinu.

Um áratuga skeið var svokölluð „eins barns regla" í gildi í Kína og hræðsla við offjölgun mikil. Þetta átti hins vegar aðeins við Han-fólk en ekki þjóðarbrot víðs vegar um landið. Þegar forsetinn Xi Jinping komst til valda árið 2013 var stefnunni snúið við og Han-fólk má eiga allt að þremur börnum. Í Xinjiang er ekki fylgst með barneignum Han-fólks og talið að stefnan sé að koma því í meirihluta í héraðinu. Auk þess hefur fjöldi Han-fólks verið fluttur til svæðisins á undanförnum 20 árum. Í dag er hlutfall þeirra um 40 prósent í Xinjiang og ekki langt í að það verði komið yfir hlutfall Úígúra.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Skráðu þig í sumarfrí!

mán.	þri.	mið.	fim.	fös.	lau.	sun.
		1	2	3	4	5
6	7	8	9	10	11	12
13	14	15	16	17	18	19
20	21	22	23	24	25	26
27	28	29	30	31		

26 kr. afsláttur og glæsilegir vinningar

Veldu þínar 4 vikur og tankaðu með **26 kr. afslætti** á 62 stöðvum, vítt og breitt um landið með Orkulyklinum! Þú gætir líka unnið **gistinótt** á Icelandair hóteli eða **50.000 kr. eldsneytisinneign**. Dregið vikulega.

Orkan – Ódýrasti hringurinn.

ORKAN

Gildir með Orkulyklum og -kortum á öllum stöðvum Orkunnar nema á Dalvegi og Reykjavíkurvegi, til 31. ágúst 2020.

Forseti fólksins

Sighvatur Arnmundsson
sighvatur@frettabladid.is

Fólkið hefur valið sér forseta. Eins og við var að búast var Guðni Th. Jóhannesson endurkjörinn til næstu fjögurra ára með miklum yfirburðum. Hann má vel við niðurstöðuna una en hún endurspeglar það mikla traust sem hann nýtur meðal þjóðarinnar. Í upphafi árs sögðust um 80 prósent ánægð með störf hans í könnun sem gerð var fyrir Fréttablaðið. Það var því ljóst allan tímann að það þyrfti mjög öflugan mótframbjóðanda til þess að kosningarnar yrðu spennandi. Sá mótframbjóðandi steig aldrei fram.

Þótt kosningabaráttan hafi kannski ekki snúist um einhver ákveðin málefni birtist þar grundvallarmunur á hugmyndum frambjóðenda um hlutverk forsetans. Ekki reyndist eftirspurn eftir forseta sem væri virkur á sviði stjórnmálanna og tæki sér þar frumkvæði. Hluti af því ferli sem nú stendur yfir um endurskoðun stjórnarskrárinnar var könnun á viðhorfi almennings. Þar voru 70 prósent þeirrar skoðunar að embætti forseta ætti að vera svipað og í núgildandi stjórnskipan.

Það er ekki þar með sagt að embætti forseta sé eða eigi að vera valdalaust. Þvert á móti. Forsetinn hefur umtalsverð völd sem hann getur beitt og á að beita krefjist aðstæður þess. Embættið hefur mótast í gegnum tíðina með þeim einstaklingum sem hafa gegnt því. Þá sögu þekkir núverandi forseti vel. Fyrri forsetar hafa verið mispólitískir í sínum gjörðum og málflutningi enda sumir þeirra haft pólitískan bakgrunn.

Að langmestu leyti hefur tekist að halda forsetaembættinu utan við dægurþras stjórnmálanna og einstaka stjórnmálaflokka. Í fyrstu almennu forsetakosningunum sem fram fóru 1952 sigraði Ásgeir Ásgeirsson undir kjörorðinu „Fólkið velur forsetann“. Þá studdu Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, sem sátu í ríkisstjórn, annan frambjóðanda og beittu sér töluvert í kosningabaráttunni.

Sú skoðun var lengi ríkjandi á Íslandi að forsetaembættið væri nánast upp á punt og engin raunveruleg völd fælust í því. Konungi hefði einungis verið skipt út fyrir forseta í stjórnarskránni 1944. Þótt eitthvað sé til í því er þar um mikla einföldun að ræða. Fyrstu tveir forsetar lýðveldisins, sem báðir komu úr stjórnmálunum, beittu sér töluvert á bak við tjöldin og þá aðallega í tengslum við stjórnarmyndanir.

Það er ekki heldur hægt að líta fram hjá þeim tíðaranda sem stofnað var til lýðveldisins í. Þrjár mismunandi ríkisstjórnir sátu hér til dæmis árið 1942 og þegar lýðveldið var stofnað var utanþingsstjórn við völd þar sem Alþingi hafði ekki tekist að mynda starfhæfa ríkisstjórn. Forsetaembættið hefur því gegnt mikilvægu hlutverki allt frá upphafi og gerir enn. Fyrir okkur sem þjóð eru það ákveðin forréttindi að í embættinu sitji einstaklingur sem nýtur almenns trausts og vinnur að sameiningu en ekki sundrungu.

Ekki reyndist eftirspurn eftir forseta sem væri virkur á sviði stjórnmálanna og tæki sér þar frumkvæði.

Halldór

Frá degi til dags

Fundaæði

Það virðist vera runnið æði á stjórnvöld. Nærri hvern dag er haldinn blaðamannafundur þó tilefnin séu rýr. Í gær var boðað til enn eins fundarins. Efnið var rafræn ökuskírteini. Ekki dugði annað en að þrír ráðherrar héldu fundinn. Einhvern tíma hefði dugað að senda út litla tilkynningu.

Það er misskilningur að blaðamannafundir auki líkurnar á að fá af sér mynd eða tekið viðtal. Þetta fundaæði fer illa með tímann, bæði þeirra sem halda hann og gesta fundarins.

Ráðherra gærdagsins

Einn ráðherra var maður gærdagsins. Dómsmálaráðherrann efndi nefnilega til blaðamannafundar í fangelsinu á Hólmsheiði. Efni þess fundar var aðgerðir til að stytta boðunarlista. Þetta var annar blaðamannafundurinn sem dómsmálaráðherra kom fram á í gær. Hvílík afköst. Þó að tilefni fundarins hafi verið þunnt og hægt að koma efninu á framfæri með tilkynningu, er fundarstaðurinn sérstakt fagnaðarefni. Það er bráðnauðsynlegt að stefna fjölda manna út í síðdegisumferðina með tilheyrandi töfum og jarðefnaeldsneytisbrennslu.

Um hvað ætli verði boðað til blaðamannafundar í dag og hvar ætli sá fundur verði haldinn?

Sumarið er tíminn

Hanna Katrín Friðriksson
þingflokksformaður Viðreisnar

Hún er dökk, myndin sem alþjóðastofnanir hafa síðustu daga dregið upp af efnahagshorfum í heiminum. Þegar kemur að efnahagslegum afleiðingum COVID-19 faraldursins situr Ísland á öðrum og mun verri stað en við gerum varðandi útbreiðslu veirunnar sjálfrar.

Íslandi er spáð meiri efnahagslegum samdrætti fram til loka ársins 2021 en nokkru öðru landi innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), óháð því hvort gert er ráð fyrir að faraldurinn taki sig upp að nýju eða ekki. Þar skiptir hlutfallslegt umfang ferðaþjónustunnar mestu máli. Þrátt fyrir þessa miklu niðursveiflu er umfang efnahagsaðgerða stjórnvalda hér minna en í löndunum í kringum okkur. Staðreyndin er sú að opinberar fjárfestingar eru enn lítið meira en í meðallagi þegar horft er til síðustu áratuga. Þar að auki hefur stærstur hluti þessara aðgerða verið í formi lána til fyrirtækja sem hafa ekki enn komist til framkvæmda. Þessi staða veldur sérstökum vonbrigðum þar sem smæð íslensks samfélags ætti að gera okkur kleift að bregðast hraðar við en mun fjölmennari þjóðum.

Blaðamannafundir ríkisstjórnarinnar undanfarna mánuði hafa samt verið flottir. Það er það sem gerist, eða gerist ekki, utan sviðsljóssins sem er áhyggjuefni. Sá vandræðagangur sem verið hefur á viðbrögðum við COVID-19 faraldrinum er auðvitað bara framhald af almennum vandræðagangi ríkisstjórnarinnar. Mikilvæg mál hafa orðið bitbein stjórnarflokkanna sjálfra á meðan önnur hafa komið óskiljanlega seint fram og því ekki fengið nægilega ítarlega meðferð á þingi.

Efnahagssamdrátturinn hér á landi var hafinn fyrir COVID-19. Ríkisstjórnarrútan mallaði hins vegar í hlutlausum enda hlustuðu bílstjórarnir þrír ekki á háværar viðvörunarraddir, ekki síst okkar í Viðreisn. Þegar ekki dugði lengur að þykjast hvorki heyra né sjá voru viðbrögðin þau að stíga hraustlega á bensíngjöfina en gleyma að setja í gír.

Sumarið er tíminn, söng Bubbi hér um árið. Hann var að syngja um ást og þrá. En sumarið 2020 er sumarið sem ríkisstjórnin verður að hætta að taka undir í viðlaginu og söngla „og þér finnst það í góðu lagi“ því þetta er alls ekki í lagi.

Efnahagssamdrátturinn hér á landi var hafinn fyrir COVID-19.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Matvælaskortur er raunveruleg ógn fyrir mannkynið

Elliði Vignisson
bæjarstjóri í Ölfusi

Því hefur verið spáð að á næstu 40 árum þurfi mannkynið að framleiða jafnmikið af mat og það hefur gert seinustu 8.000 árin. Miðað við núverandi framleiðslu- og neysluhætti merkir það að við, mannkynið, þurfum að tvöfalda álagið á auðlindir jarðarinnar á þessum tíma. Á sama tíma er þekkt að í dag er matvælavinnsla ábyrg fyrir losun um 30% af gróðurhúsalofttegundum (allir einkabílar í heiminum losa um 2%). Álagið á jörðina er þegar allt of mikið. Verkefnið virðist óyfirstíganlegt. Íslendingar með sínar ríku auðlindir svo sem hreina orku, gnægð vatns og þekkingu bera hér ábyrgð. Í stöðunni felast tækifæri.

Matarskortur er ein af helstu ógnum mannkynsins

Hungursneyð áttunda áratugarins gæti orðið hjómið eitt ef þjóðir heimsins taka sig ekki taki hvað varðar matvælaframleiðslu. John Beddington, vísindalegur ráðgjafi ríkisstjórnar Bretlands og prófessor í hagnýtri líffræðitölfræði, hefur gengið svo langt að fullyrða að matvælaöryggi sé stærri og nærtækari ógn fyrir mannkynið en hlýnun jarðar, þótt vissulega séu þetta nátengdar ógnir. Heimurinn er ekki sanngjarn staður til að búa á. Fari fram sem stefnir mun matarskortur bitna harðast á þeim sem verst standa. Helmingur fátækasta hluta mannkynsins býr í Suður-Asíu. Þar búa líka 5 milljónir barna sem deyja úr fæðutengdum sjúkdómum eða hungri. Þróunarbanki Asíu spáir því að 1,6 milljarðar íbúa í Suður-Asíu muni innan skamms búa við verulega skert lífsgæði vegna skorts á matvælum. Víða um heim horfir til gríðarlegs vanda, takist mannkyninu ekki að framleiða meira af mat.

Við eigum að flytja út, en erum að flytja inn

Ísland er matvælaframleiðsluland. Hér standa sjávarútvegur og landbúnaður beint undir hátt í 7% af vergri landsframleiðslu. Heimsmeðaltalið er 3,3%. Samt erum við eftirbátar annarra Norðurlandaþjóða hvað varðar sjálfbærni í matvælaframleiðslu. Þrátt fyrir að búa við skilyrði til að framleiða, veiða og rækta hágæða matvæli á forsendum okkar ríku auðlinda, flytjum við stóran hluta þess sem við neytum inn.

Margt er vel gert en hægt er að gera betur

Við Íslendingar getum langtum betur. Við getum byggt á styrkleikum okkar og sótt fram af afli svo um um munar. Nýkynnt aðgerðaáætlun Kristjáns Þórs Júlíussonar, áhersla Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur og orðræða Katrínar Jakobsdóttur eru meðal þeirra fersku tóna sem geta orðið að hljómkviðu sóknarinnar. Framganga íslenska sjávarklasans er þannig að eftir er tekið og víða eigum við fyrirtæki og mannvit sem um munar. Við eigum mikið inni í fiskeldi, bæði í fulleldi á landi og í sjó. Sjávarútvegur er sterkur, mjólkurgeirinn hefur verulega sótt í sig veðrið og ylrækt vaxið. Víða má finna sprotana. Betur má þó ef duga skal.

Við kunnum þetta

Það þarf að stíga fastar fram og sú sókn verður ekki leidd af neinum öðrum en stjórnvöldum í samstarfi við fyrirtæki og einkaaðila. Samhliða því að skýra ramma og kröfur er mikilvægt að skapa svigrúm til sóknar. Við þurfum að ganga lengra í virkjun jarðvarma til matvælaframleiðslu og verðið á orkunni þarf að vera ívilnandi. Við þurfum að færa framleiðsluna í stýrt umhverfi svo sem risavaxin gróðurhús og úthafskvíar fyrir fiskeldi, stærðin skiptir hér máli og skattalegir hvatar eru ákvarðandi þáttur. Við þurfum að efla þekkingu og halda stöðugt áfram að tæknivæða framleiðsluna. Við þurfum fleiri fyrirtæki í matvælatækni. Við þurfum að efla hringrásarhagkerfi með áherslu á sjálfbærni og fullnýtingu náttúruauðlinda. Listinn yfir þörf verkefni er endalaus. Það þarf ekki að óttast enda þekkingin hér mikil. Í raun má segja að við kunnum þetta vel enda höfum við nýverið gert sambærilega hluti í sjávarútvegi með góðum árangri.

> **Víða um heim horfir til gríðarlegs vanda, takist mannkyninu ekki að framleiða meira af mat.**

Ölfus á óviðjafnanleg tækifæri

Sveitarfélagið Ölfus er í einstakri stöðu þegar kemur að matvælaframleiðslu. Hvergi á landinu er meiri nýtanlegur jarðvarmi, hvergi er aðgengið að fersku vatni meira, landrýmið er mikið, útflutningshöfnin góð, nálægð við alþjóðaflugvöllinn og lengi má áfram telja. Allt þetta er í miklu nábýli við fjölmennustu svæði landsins, háskóla og hvers konar sérfræðiþjónustu. Tækifærin eru því óþrjótandi.

Þekkingarsetur og auðlindagarður

Í nokkurn tíma hefur Sveitarfélagið Ölfus nú unnið með fyrirtækjum og einstaklingum að undirbúningi að stofnun Þekkingarseturs og rekstur auðlindagarðs með áherslu á umhverfisvæna matvælaframleiðslu og hringrásarhagkerfi. Innan þess klasasamstarfs eru nú þegar aðilar sem ýmist eru þegar í umsvifamikilli framleiðslu á matvælum eða stefna á slíkt. Stefnan er að veita frumkvöðlum svo mikla þjónustu sem mögulegt er. Stefnan er að vinna með stjórnvöldum, fyrirtækjum og einstaklingum að því að bregðast við stöðu matvælaframleiðslu og leggja lóð á þá vogarskál að Ísland verði ekki eingöngu sem mest sjálfbært hvað matvæli varðar heldur sterk útflutningsþjóð á sviði fjölbreyttrar matvælaframleiðslu.

Tími aðgerða er runninn upp. Matvælalandið Ísland bíður þess að raungerast.

Arnar Þór Guðjónsson hefur fengið nýjan leikstjórnanda til liðs við sig.

Mynd komin á Stjörnuliðið

KÖRFUBOLTI Stjarnan hefur samið við Mirza Sarajlija um að leika með karlaliði félagsins í körfubolta á næsta keppnistímabili. Sarajlija er ætlað að fylla það skarð sem Nick Tomsick sem skildi eftir sig en Tomsick söðlaði um og fór í Skagafjörðinn þar sem hann gekk til liðs við Tindastól í byrjun sumars.

Sarajlija er 29 ára gamall skotbakvörður sem er fæddur í Slóveníu og er 185 sentímetrar á hæð. Hann lék á síðustu leiktíð í næstefstu deild í Rússlandi.

Fram kom í tilkynningu Stjörnunnar um komu Sarajlija að með tilkomu hans væri leikmannhópur liðsins að taka á sig nokkuð endanlega mynd fyrir næsta vetur.

Þeir þrír erlendu leikmenn sem léku með liðinu á síðustu leiktíð eru allir horfnir á braut og Sarajlija er eins og sakir standa eini erlendi leikmaðurinn í hópnum. Hins vegar verða allir íslensku leikmennirnir áfram utan þess að óvíst er hvort Ágúst Angantýsson verður áfram í herbúðum Garðabæjarliðsins.

Danielle Rodriguez og Ingi Þór Steinþórsson bættust við í þjálfarateymi Arnars Þórs í vor. Þá fékk Stjarnan til liðs við hina ungu og efnilegu tvíburabræður Huga og Hilmi Hallgrímssyni frá Vestra í vor. Stjarnan er ríkjandi deildar- og bikarmeistari. – **hó**

Mótahaldið breyttist meira

FÓTBOLTI Knattspyrnusamband Íslands, KSÍ, tilkynnti í gær að næstu tveimur leikjum kvennaliðs Fylkis í knattspyrnu á Íslandsmótinu hefði verið frestað. Er þetta gert þar sem smit greindist hjá leikmanni liðsins um síðustu helgi.

Þar sem leikmenn meistaraflokks kvenna hjá Fylki hafa verið settir í sóttkví, hefur leikj Fylkisliðsins við Þór/KA sem fram átti að fara í kvöld verið frestað og það sama á við um leik Fylkis við ÍBV sem var á dagskrá mánudaginn 6. júlí.

Mótanefnd KSÍ hefur ekki ákveðið nýja dagsetningu á þessa tvo leiki en næstu leikjum Breiðabliks og KR í mótinu hefur einnig verið frestað vegna smits hjá leikmanni Blika og sóttkvíar leikmannahópa fyrrgreindra liða.

Þjálfarar og aðrir í liðsstjórn KR-liðsins sem og ónotaðir varamenn í leik KR og Breiðabliks í þriðju umferð Íslandsmótsins eru hins vegar komin úr sóttkví. Þeir fjórtán leikmenn KR sem spiluðu leikinn við Blika eru hins vegar ennþá í sóttkví. Þar með hefur hluti KR-liðsins hafið æfingar á nýjan leik undir stjórn þjálfara sinna.

Umsókn fylgi greinargerð í stuttu máli um framtíðarsýn umsækjanda á skólastarfið, yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið kennari, upplýsingar um framsækin verkefni sem umsækjandi hefur leitt og annað er málið varðar.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2020. Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí 2020.
Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Skólastjórafélags Íslands.
Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.

Nánari upplýsingar veita Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri grunnskólahluta fagskrifstofu, og Ragnheiður E. Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, sími 411 1111. Netföng: soffia.vagnsdottir@reykjavik.is / ragnheidur.e.stefansdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Ódýrasti smájeppinn fyrir **íslenskar** aðstæður

DACIA 4x4
DUSTER

VERÐ FRÁ AÐEINS
2.790
ÞÚSUND stgr.

Skoðum með uppítöku
á öllum tegundum bifreiða

- Beinskiptur
- Bensín
- 114 hö.

Komið og reynsluakið

* m.v 20% útborgun og lán til 84 mánaða.

Bílar í ábyrgð - Allt að 100% lánamöguleiki - Til í ýmsum litum - Góð endursala

586 1414
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

kaffi á könnunni
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2019 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið keldan

STÓRA BÍLASALAN
...á verði fyrir þig!

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

30. JÚNÍ 2020 ÞRIÐJUDAGUR

Merkisatburðir

1874 Skólapiltar Lærða skólans mótmæla latneskum stílum með því að halda brennu vestur á Melum.

1908 Gífurleg sprenging nærri Tunguskafljóti í Síberíu. Talið er að loftsteinn hafi hrapað þar til jarðar.

1934 Nótt hinna löngu hnífa í Þýskalandi. Blóðugar hreinsanir innan Nasistaflokksins.

1954 Almyrkvi verður á sólu og sést best við suðurströndina. Verður þar myrkur í nokkrar mínútur og skína stjörnur á himni sem um nótt. Næst mun almyrkvi sjást á Íslandi við vesturströndina þann 12. ágúst 2026.

1964 Norðurlandameistaramóti í handknattleik kvenna, sem haldið er í Reykjavík, lýkur með sigri íslenska liðsins.

1968 Kristján Eldjárn er kjörinn forseti Íslands.

1990 Efnahagskerfi Austur- og Vestur-Þýskalands eru sameinuð.

Með meiraprófið í lygum

Lygalaupurinn Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir stýrir svokallaðri lygasögusiglingu um Kollafjörð næsta fimmtudag. Hún segir að fíflagangur sé stórkostlega vanmetinn.

„Við ætlum að reyna að fá fólk um borð í skemmtisiglingu að hlusta á mig segja því skemmtilegar sögur," segir leik- og bóndakonan Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, eða Gulla eins og hún er iðulega kölluð.

Gulla mun stýra svokallaðri lygasögusiglingu á vegum Eldingar fimmtudagskvöldið 2. júlí þar sem hún segir farþegum missannar sögur af ýmsum kennileitum í kringum Kollafjörðinn og höfnina. „Eyjarnar þarna í kring eru hafsjór af sögu sem flestir þekkja eitthvað til," segir Gulla sem mun meðal annars „fræða" fólk um sögu Engeyjar, Viðeyjar og Geldinganessins. „Það er alveg óendanlega mikið hægt að snúa út úr sögunni í kringum þessi kennileiti."

En hvernig verður maður leiðsögumaður í svona ferð?

„Ég er náttúrulega lærður leikari og þess vegna eiginlega með meiraprófið í lygum," segir Gulla og hlær. „Það er frábært að fara í alvöru leiðsögn, en það getur líka verið fínt að fara bara til að hafa gaman. Fíflagangur er stórkostlega vanmetinn og virkilega skemmtilegur."

Nefið á Gullu mun eflaust lengjast til muna þegar hún fræðir farþega um sögu Engeyjar.

Ferðin er fyrir alla aldurshópa sem skilja íslensku, sem Gulla segir að gæti þó breyst. „Það fer bara eftir því hvernig farþegahópurinn verður samsettur, hver veit nema ég taki upp á því að ljúga bara á ensku!"

Ef eitthvað er að marka hvað Gulla segir verður lagt af stað frá gömlu höfninni klukkan 20 á fimmtudaginn.

arnartomas@frettabladid.is

✝

Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sturla Snæbjörnsson

kennari,
frá Grund í Eyjafirði,

verður jarðsunginn frá Háteigskirkju, 2. júlí klukkan 13.00. Hann verður jarðsettur 3. júlí að Grund í Eyjafirði klukkan 14.00.

Þórður Sturluson
Svandís Sturludóttir **Hannes Frímann Sigurðsson**
Guðríður Sturludóttir **Sævar Örn Sævarsson**
Yngveldur Myrra Sturludóttir
afa- og langafabörn.

✝

Móðir okkar, amma og langamma,

Jónína Þórðardóttir

húsfreyja á Bjargi, Eyjafjarðarsveit,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð 23. júní sl. Hún verður jarðsungin frá Munkaþverárkirkju fimmtudaginn 2. júlí nk. kl. 14.00.

Ævar Ragnarsson **Ragna Pálsdóttir**
Katrín Ragnarsdóttir
Bolli Ragnarsson **Laugheiður Gunnarsdóttir**
ömmubörn og langömmubörn.

✝

Ástkær og elskulegur sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

Sigurbjörn M. Theodórsson

vélstjóri,
Heimagötu 37,
Vestmannaeyjum,

lést á heimili sínu þann 22. júní sl. Útför mun fara fram í Landakirkju miðvikudaginn 8. júlí kl. 14.00.

Theodór S. Ólafsson **Margrét Sigurbjörnsdóttir**
Þorbjörg Theodórsdóttir **Haukur Logi Michelsen**
Hafþór Theodórsson **Hanna R. Björnsdóttir**
Júlíanna Theodórsdóttir **Ingólfur Ingólfsson**
Bára Theodórsdóttir **Tommy Westman**
Björk Theodórsdóttir
Harpa Theodórsdóttir **Örvar G. Arnarson**
og fjölskyldur.

✝

Ástkær faðir minn, tengdafaðir, sonur, bróðir og frændi,

Gísli Agnar Bogason

Vatnsnesvegi 20, Keflavík,

lést sunnudaginn 21. júní. Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, fimmtudaginn 2. júlí kl. 13.

Helga Eden Gísladóttir **Kristinn Örn Kristinsson**
Helga Guðrún Gísladóttir **Ágúst Skarphéðinsson**
Bogi Agnarsson **Þorgerður Jónsdóttir**
Jóhanna Bogadóttir
Davíð Þór og Alex Nói

✝

Okkar elskulegi

Sigþór Reynir Steingrímsson

fv. bifreiðaeftirlitsmaður
og leigubílstjóri,
áður að Þverbrekku 2, Kópavogi,

lést þriðjudaginn 23. júní sl. á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útför fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 6. júlí kl. 11. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Skógarbæjar fyrir góða umönnun og hlýju í hans garð.

Fyrir hönd aðstandenda,

Nína V. Magnúsdóttir **Tómas Bergsson**
Sigurgeir Steingrímsson **Svanlaug Sigurðardóttir**
Hólmsteinn Steingrímsson
Haukur Steingrímsson

✝

Elsku besta mamma okkar, tengdamamma, amma og langamma,

Sigrún Guðmundsdóttir

frá Þórisdal í Lóni,
Kópavogsbraut 1a,

lést sunnudaginn 14. júní. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 3. júlí kl. 13.

Guðmundur Knútsson
Signý Knútsdóttir **Hannes Ingi Jónsson**
Kristín Knútsdóttir **Atli Guðmundsson**
Hildur, Atli, Sigrún, Sævar Knútur, Egill Jón, Björgvin Bergur, Guðmundur Hrafn, Sunna Kristín, Björn Kári, Ylfa Hólm, Hilmar Örn

---

✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Hilmar Guðjónsson

húsasmíðameistari,
Bárugerði, Sandgerði,

sem lést á sjúkrahúsi á Torrevieja á Spáni, þann 26. maí, verður jarðsunginn frá Sandgerðiskirkju (safnaðarheimilið) mánudaginn 6. júlí kl. 13. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Örvars Arnarsonar, banki 526-14-403800, kt. 660614-0360.

Sæunn Guðmundsdóttir

Guðjón Ingi
Gunnhildur Ása **Geir Sigurðsson**
Sævar **Erla Sigurjónsdóttir**
Sigurður **Jóna Pálsdóttir**
afabörn og langafabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Kristín Ingólfsdóttir Sverrir Einarsson Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HjartaHeill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744

Útfararþjónusta
& lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

EIGNAMIÐLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090

HÁALEITISBRAUT 91, 236 m²

108 REYKJAVÍK, 104,9 mkr.

BÓKIÐ SKOÐUN

Hreiðar Levy Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
S. 661 6021/hreidar@eignamidlun.is



Glæsilegt 236.3 fm 8 herbergja parhús á 3 pöllum með bílskúr og fallegum garði til suðurs. Húsið hefur fengið gott og jafnt viðhald í gegnum tíðina. Eignin skiptist í Forstofu, 6 svefnherbergi, 2 opnar og bjartar stofur, eldhús með búri, baðherbergi, gestabaðherbergi, geymslu, þvottahús og bílskúr. Glæsileg eign á vinsælum stað við Háleitisbraut. Mikil og fjölbreytt þjónusta í göngufjarlægð. Leik-, grunn- og framhaldsskólar í göngufjarlægð ásamt Íþróttasvæði Fram við Safamýrina. Frábær staðsetning, fallegt vel hannað og skipulagt fjölskylduhús.

SEILUGRANDI 1, 123,5 m²

107 REYKJAVÍK, 61,9 mkr.

Hreiðar Levy Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
S. 661 6021/hreidar@eignamidlun.is

OPIÐ HÚS **þriðjudaginn 30. júní kl. 17:15 - 17:45**

Falleg 123,3, 5 herbergja íbúð, þar af 4 rúmgóð svefnherbergi á tveimur hæðum við sjávarsíðuna í Vesturbænum með sérbílastæði í bílakjallara. Gott skipulag og stórglæsilegt sjávarútsýni. Eignin skiptist í forstofu, baðherbergi, 4 svefnherbergi, rúmgóða stofu, eldhús, salerni og sérgeymslu.

BÓLSTAÐARHLÍÐ 40, 56,9 m²

105 REYKJAVÍK, 33,9 mkr.

Hreiðar Levy Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
S. 661 6021/hreidar@eignamidlun.is

OPIÐ HÚS **miðvikudaginn 1. júlí kl. 17:00 - 17:30**

Góð 2 herbergja íbúð á 4 hæð á vinsælum stað við Bólstaðarhlíð. Eignin skiptist í forstofu með fataherbergi, eldhús með neðri skápum og opnum hillum. Baðherbergi með baði, sturta í baði. Rúmgóð stofa með útgengi út á vestursvalir. Rúmgott svefnherbergi með skápum.

SÚÐARVOGUR 36, 138,4 m²

104 REYKJAVÍK, 72,9 mkr..

Ólafur H. Guðgeirsson
Lögg. fasteignasali
S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is

BÓKIÐ SKOÐUN

Glæsileg íbúð á efstu hæð iðnaðarhúsnæðis, sérlega smekklega innréttuð og frágengin með vönduðum tækjum og fallegum innréttingum. Glæsilegt útsýni yfir Geirsnef, Elliðavog og til Esjunnar. Sérstök og smekkleg eign sem vert er að skoða.

BARÐASTAÐIR 11-*íb. 601*, 269,2 m²

112 REYKJAVÍK, 99,5 mkr.

Ólafur H. Guðgeirsson
Lögg. fasteignasali
S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is

BÓKIÐ SKOÐUN

Einstök eign á 6. og 7. hæð í lyftuhúsi. Stórkostlegt útsýni af báðum hæðum. Í kjallara er geymsla og bílastæði í lokaðri bílageymslu. Stórir gluggar, mikil lofthæð og mikið útsýni til allra átta einkennir eignina, en þar á meðal má horfa yfir mestallan golfvöllinn við Korpu.

BÚÐAGERÐI 3, 85,4 m²

108 REYKJAVÍK, 45,9 mkr.

Brynjar Þór Sumarliðason
Lögg. fasteignasali
S. 896 1168/brynjar@eignamidlun.is

OPIÐ HÚS **þriðjudaginn 30. júní kl. 17:15 – 17:45**

Búðagerði 3, einstaklega vel skipulögð og talsvert endurnýjuð 85.4 fm 4 herb. íbúð á 2.hæð til vinstri í góðu vel staðsettu fjölbýli. Endurnýjað eldhús og baðherbergi. 3 svefnherbergi. Suðursvalir. Góður garður og lystigarður í næsta nágrenni. Mjög góð íbúð miðsvæðis í borginni.

MÁNATÚN 5-*íbúð 207*, 90 m²

105 REYKJAVÍK, 51,9 mkr.

Ólafur H. Guðgeirsson
Lögg. fasteignasali
S. 663 2508/olafur@eignamidlun.is

BÓKIÐ SKOÐUN

2ja herbergja íbúð, merkt 207, á annarri ásamt sér stæði í bílageymslu og 8,4 fermetra geymslu í kjallara. Góðar svalir eru við íbúðina. Íbúðin skiptist í anddyri, eldhús, stofu, eitt svefnherbergi, þvottahús og baðherbergi. Frábær staðsetning.

VESTURGATA 73, 120,7 m²

101 REYKJAVÍK, 58,9 mkr.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
Lögg. fasteignasali
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is

OPIÐ HÚS **þriðjudaginn 30. júní kl. 17:30-18:00**

Stórkostlegt útsýni! Afar skemmtileg 3ja-4ra herbergja íbúð á 2. hæð í nýviðgerðu fjölbýli neðst á Vesturgötu, við Ánanaust. Örstutt göngufæri í líf og menningu við Grandagarð og Vesturhöfnina. Einstakt útsýni úr eldhúsi og stofu yfir sólarlagið og Snæfellsjökul. Tvennar svalir.

UNNARBRAUT 28A, 100,3 m²

170 SELTJ.NES, 49,9 mkr.

Hrafnhildur Björk Baldursdóttir
Lögg. fasteignasali
S. 862 1110/hrafnhildur@eignamidlun.is

OPIÐ HÚS **þriðjudaginn 30. júní kl. 18:30-19:00**

Sjarmerandi 3ja herbergja efri hæð í 6 íbúða húsi, 3 íbúðir hvoru megin í húsinu. Sérinngangur er í íbúðina. Stórkostlegt útsýni! Sér bílastæði við húsið og bílskúrsréttur, sem eftir á að virkja. Örstutt í fallegar gönguleiðir, grunnskóla og leikskóla, líkamsrækt og sund.

GAUTLAND 15, 49,2 m²

108 REYKJAVÍK, 31,4 mkr.

Brynjar Þór Sumarliðason
Lögg. fasteignasali
S. 896 1168/brynjar@eignamidlun.is

BÓKIÐ SKOÐUN

Tveggja herbergja 49,2 fm íbúð á jarðhæð við Gautland 15. Vinsæll staður þar sem stutt er í alla helstu þjónustu. Íbúðin getur verið laus fljótlega.

HVASSALEITI 56, 77,3 m²

103 REYKJAVÍK, 46,9 mkr.

Brynjar Þór Sumarliðason
Lögg. fasteignasali
S. 896 1168/brynjar@eignamidlun.is

BÓKIÐ SKOÐUN

Hvassaleiti 56 - Rúmgóð og vel skipulögð 2-3ja herbergja 77,3 fm íbúð á fjórðu hæð með svölum til suðvesturs. Í húsinu er boðið er uppá ýmsa þjónustu og afþreyingu fyrir íbúa hússins, m.a. matsal, hárgreiðslustofa, fótaaðgerðastofa, föndurstofa og leikfimisalur. Hægt er kaupa heitan mat í hádeginu. Vel staðsett íbúð í göngufæri við m.a. Kringluna, Borgarleikhúsið, heilsugæslu, læknavaktina og apótek.

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Fremur hæg breytileg átt í dag. Skýjað og lítilsháttar skúrir suðvestanlands, en bjart að mestu norðan til. Hiti 10 til 15 stig, hlýjast fyrir norðan.

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
11 °C | 3	10 °C | 5	12 °C | 4
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
8 °C | 5	9 °C | 3	12 °C | 4

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
13 °C | 3	13 °C | 3	12 °C | 4
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
12 °C | 4	14 °C | 4	11 °C | 5

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
15 °C | 1	9 °C | 2	9 °C | 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
7 °C | 2	10 °C | 3	11 °C | 3

LÉTT

	3			4	7		1	
9		5	1	2			6	7
		7		5		2		
2		8			4	1	7	3
3		9						5
	1					9	8	
4				3	8			
	9		7					
	8	1			2			

MIÐLUNGS

	9		1			2		
4		6	8					9
	3	7					6	
		8			1	6		
3		9			4		7	
7	2			6				5
	8				2			4
9	7	4			8			
					9		3	

ÞUNG

		1				6		
	4				9	5	1	3
8				4		7		9
	5		3					
			8		2			
				6	1			
	6			2		3	5	7
		4						
3	9							8

Skák

Gunnar Björnsson

Ian Nepomiachtchi (2.778) átti leik gegn Vladislav Artemiev (2.729) á Chessabel Masters mótinu á Chess24.

20...Bb1!! Hótar 21...Dd3+ 22. Kg1 He1+ 23. Rf1 Dd3 24. Dg4+ Kh8 25. Be2 Hxe2 26. Hxb1 Bc5! og svartur vann nokkru síðar. Nepo er kominn í undanúrslit sem hefjast í dag ásamt Carlsen og Giri. Það réðist í gær hver yrði fjórði maðurinn.

www.skak.is: Þriðjudagsmót TR í kvöld.

Svartur á leik

1	5	6	8	2	7	9	4	3
3	2	9	4	6	1	5	7	8
7	8	4	5	9	3	6	1	2
9	7	5	1	3	8	4	2	6
2	4	1	9	5	6	3	8	7
6	3	8	7	4	2	1	5	9
4	9	2	3	8	5	7	6	1
5	6	7	2	1	9	8	3	4
8	1	3	6	7	4	2	9	5

2	7	8	9	1	4	6	3	5
9	1	3	6	5	2	7	8	4
4	6	5	3	7	8	9	2	1
5	9	2	8	6	7	1	4	3
3	4	7	1	9	5	8	6	2
1	8	6	2	4	3	5	7	9
6	3	9	4	8	1	2	5	7
7	2	1	5	3	6	4	9	8
8	5	4	7	2	9	3	1	6

3	7	9	2	6	1	5	8	4
4	8	6	5	9	7	1	3	2
2	5	1	8	3	4	6	9	7
5	4	3	7	1	9	8	2	6
6	1	7	3	2	8	9	4	5
8	9	2	6	4	5	3	7	1
9	3	4	1	7	6	2	5	8
7	6	8	9	5	2	4	1	3
1	2	5	4	8	3	7	6	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Krossgáta

LÁRÉTT
1. reist
5. vafi
6. auk
8. rugla
10. íþróttafélag
11. krap
12. málmur
13. krafti
15. rennilás
17. matjurt

LÓÐRÉTT
1. sjúkdómur
2. umfram
3. drykkur
4. haldast
7. nýtast
9. örvera
12. rándýra
14. loftfar
16. skyldir

1	2	3		4	■
5			■	6	7
8			9		
10		■	11		
	■	12			
13	14			■	
15				16	
■	17				

LÁRÉTT: 1. byggt, 5. efi, 6. og, 8. ringla, 10. kr, 11. elg, 12. úran, 13. afli, 15. riflás, 17. salat.
LÓÐRÉTT: 1. berklar, 2. yfir, 3. gin, 4. tolla, 7. gagnast, 9. geröll, 12. úlfa, 14. fis, 16. ða.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

KEBE
Hvíldarstólar
Tegundir: Rest og Fox

Opið virka daga 11-18 laugardaga 11-15
Komið og skoðið úrvalið
NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

DAG HVERN LESA
93.000
ÍSLENDINGAR
FRÉTTABLAÐIÐ
AÐ MEÐALTALI
HEIMILD: PRENTMÁLAMÆLING GALLUP OKT-DES 2019, 12-80 ÁRA, ALLT LANDIÐ-HÁGSTÖÐA ÍSLANDS, MANNFJÖLDATÖLUR, 2019

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Athugun Skipulagsstofnunar

7.000 tonna framleiðsla á laxi í Stöðvarfirði, Fjarðabyggð

Fiskeldi Austfjarða hf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um fyrirhugaða 7.000 t framleiðslu á laxi í Stöðvarfirði.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 30. júní - 18. ágúst 2020 á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Þjóðarbókhlöðunni og Skipulagsstofnun. Einnig á skrifstofu Fiskeldis Austfjarða hf. Borgartúni 24, Reykjavík og starfsstöðvum félagsins að Brekku 4, Djúpavogi og Hafnargötu 29, Fáskrúðsfirði. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 18. ágúst 2020 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Breikkun Vesturlandsvegar á Kjalarnesi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Vegagerðarinnar er einnig að finna á vef stofnunarinnar **www.skipulag.is.**

EYJAFJARÐARSVEIT

Skrifstofa: Skólatröð 9 · 605 Akureyri
Sími: 463 0600 · www.eyjafjardarsveit.is

Hólasandslína 3 – útgáfa framkvæmdaleyfis vegna matsskyldrar framkvæmdar

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 19. júní 2020 að gefa út framvæmdaleyfi vegna byggingar Hólasandslínu 3. Um er að ræða 220 kV háspennulínu sem lögð verður í jörðu frá sveitarfélagsmörkum Akureyrarbæjar við óshólma Eyjafjarðarár að fyrirhuguðu strengendavirki í landi Kaupangs neðan Bíldsárskarðs, en sem loftlína frá strengendavirki að sveitarfélagsmörkum Þingeyjarsveitar á Bíldsárskarði. Framkvæmdin er matsskyld skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og er matsskýrsla framkvæmdaraðila samþykkt af Skipulagsstofnun 19. september 2019. Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. Framkvæmdaleyfið tekur gildi 22. júní 2020 og gildir út 21. júní 2025. Frekari skilmálar framkvæmdarinnar koma fram í leyfisbréfi.

Nánari upplýsingar um ákvörðun sveitarstjórnar má finna í fundargerð 552. fundar sveitarstjórnar sem aðgengileg er á heimasíðu sveitarfélagsins, esveit.is. Ákvörðun sveitarstjórnar má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og er kærufrestur til 30. júlí 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Lind fasteignasala býður Boga Molby Pétursson, löggiltan fasteignasala, velkominn til starfa.

Bogi hefur starfað sem fasteignasali í yfir 20 ár og býr yfir mikilli reynslu.

Bogi Molby Pétursson
Lögg. fasteignasali
699 3444
molby@fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA
Hlíðasmári 6. Sími: 510 7900. www.fastlind.is

LIND FASTEIGNASALA

510 7900
Hlíðasmári 6 · 201 Kópavogur
www.FASTLIND.is

FRÁBÆR STÖRF Í BOÐI HJÁ LIND FASTEIGNASÖLU

VIÐ LEITUM AÐ **LÖGGILTUM FASTEIGNASÖLUM** TIL STARFA
– KONUM OG KÖRLUM Á ÖLLUM ALDRI

- Við leitum að öflugum **VERKEFNASTJÓRUM** fyrir nýbyggingaverkefni
- Fjöldi verkefna framundan, af öllum stærðum og gerðum

Umsókn ásamt ferilskrá sendist á **umsokn@fastlind.is**.
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Lind á eftirfarandi söluvefi:

FYRSTU ÍBÚÐAKAUP.IS **FRÍTT** VERÐMAT.IS **NÝJAR** ÍBÚÐIR.IS **OPIÐ HÚS** SÖLU- OG SÝNINGARAPP

VEITUM VIÐSKIPTAVINUM AFSLÆTTI HJÁ SÉRVÖLDUM FYRIRTÆKJUM

VILDARKORT LIND FASTEIGNASALA

LIND FLYTUR Í STÆRRA OG BETRA HÚSNÆÐI

LIND Fasteignasala
Uppspretta ánægjulegra viðskipta

ÞEKKING OG REYNSLA · www.frittverdmat.is

Sumarspírurnar eru starfsmenn menningarhúsanna í Kópavogi.

Sumarspírur Menningarhúsanna

Guðný Sara Birgisdóttir, myndlistarkona og meistaranemi í hönnun við Listaháskólann, Ýr Jóhannsdóttir, textíllistakona og nemi í listkennsludeild Listaháskólans, Jóhanna Malen Skúladóttir, jarðvísindanemi í HÍ og teiknari, og Þórhildur Magnúsdóttir, víólunemi í Tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn, eru sumarstarfsmenn Menningarhúsanna í Kópavogi í sumar.

Þær sjá um smiðjur sem miða við aldurinn 10-14 ára, en verða opnar fyrir alla með áhuga á listrænni sköpun. Leikið verður með bókmenntir, náttúru, sögu, tónlist og myndlist. Smiðjurnar hefjast í dag, 30. júní, eru ókeypis og verða alla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga klukkan 13-15.

Þriðjudagur 30. júní á Náttúrufræðistofunni:

Tetrisþrautasmiðja með Malen. Í smiðjunni er föndrað með Soma-kubb úr afgangspappír frá Svansprenti og við litum og skreytum kubbana að vild. Allir fá svo að taka sinn kubb með heim, og geta þá leyft foreldrum sínum og fleirum að spreyta sig á lausn gestaþrautarinnar.

Miðvikudagur 1. júlí á Gerðarsafni:

Klippimyndasmiðja með Guðnýju. Fallegir litir, form, möguleikar og uppröðun verða í fyrirrúmi í þessari smiðju. Skoðaðar klippimyndir Gerðar Helgadóttur myndhöggvara, sem safnið er kennt við.

Fimmtudagur 2. júli á Gerðarsafni:

Skapandi útsaumur og endurvinnsla með Ýri. Í smiðjunni er unnið með strigaefni úr kaffipokum en efnin henta vel til útsaums en einnig verður unnið með efnivið frá fatasöfnun Rauða krossins á Íslandi. Form smiðjunnar er frjálst þar sem efni, litir og áferð leiða för.

Birgit og Ásbjörg eru listrænir stjórnendur og framkvæmdastjórar tónleikanna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI.

Fjölbreytt og spennandi dagskrá

Sumartónleikar í Skálholti hefjast 2. júlí. Ásbjörg Jónsdóttir og Birgit Djupedal eru listrænir stjórnendur. Áhersla á hátíðinni verður á tónlist fyrri alda og nýja tónlist.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sumartónleikar í Skálholti verða haldnir 2. til 12. júlí. Í kirkjunni verða níu tónleikar, tvennir fjölskyldutónleikar og tónleikaspjall á undan þrennum tónleikum.

„Þessi hátíð er í anda fyrri hátíða, áherslan er á tónlist fyrri alda og á nýja tónlist," segja Ásbjörg Jónsdóttir og Birgit Djupedal sem eru listrænir stjórnendur og framkvæmdastjórar tónleikanna.

Unnið með hljóðfæraleikurum

Von var á erlendum barokkhljómsveitum til landsins en vegna COVID-19 varð ekki af því en þær mæta væntanlega á Sumartónleika að ári. „Við vildum alls ekki aflýsa Sumartónleikum en brugðum á það ráð að fresta stærstu viðburðunum um ár. Þetta árið eru einungis innlendir flytjendur auk þess sem við vorum búnar undir að allt gæti breyst með stuttum fyrirvara og að mögulega þyrftum við að miðla viðburðunum með öðrum hætti," segir Birgit.

Staðartónskáld Sumartónleikanna í ár eru Þóranna Björnsdóttir og Gunnar Karel Másson og á lokatónleikunum mun KIMI-tríó frumflytja verk eftir þau sem samin voru sérstaklega fyrir Sumartónleika. „Staðartónskáldin vinna með hljóðfæraleikurunum í Skálholti í tvær vikur. Við reynum að leggja áherslu á að tónlistarfólkið komi og njóti þess að vera sem mest í Skálholti, upplifi staðinn og kirkjuna og vinni í rýminu," segir Ásbjörg.

> **VIÐ REYNUM AÐ LEGGJA ÁHERSLU Á AÐ TÓNLISTARFÓLKIÐ KOMI OG NJÓTI ÞESS AÐ VERA SEM MEST Í SKÁLHOLTI, UPPLIFI STAÐINN OG KIRKJUNA OG VINNI Í RÝMINU.**

Fleiri verk verða frumflutt á Sumartónleikum, þar á meðal frumflytur Aulos Ensemble verk eftir Kolbein Bjarnason og Elínu Gunnlaugsdóttur. Cantoque Ensemble flytur Aldasöng eftir Jón Nordal. „Verkið samdi Jón í Skálholti árið 1986 en hann var fyrsta staðartónskáldið þar og Hljómeyki frumflutti verkið. Núna pantaði Cantoque tvö ný verk eftir Steinar Loga Helgason og Hafstein Þórólfsson við önnur erindi úr Aldasöng," segir Birgit.

Fjölskyldur koma saman

Cauda Collective flytur Þorlákstíðir í eigin strengjaútsetningu en á undan tónleikunum mun Sigurður Halldórsson, ásamt Cauda Collective, ræða um Þorlákstíðir. Tónleikaspjall verður einnig með Cantoque Ensemble og Steinari Loga og sömuleiðis verður rætt við staðarskáldin á undan lokatónleikunum þar sem verk þeirra verða frumflutt.

Fjölskyldutónleikar verða á sunnudögum. „Okkur langar til að bjóða fjölskyldum að koma saman og dagskráin verður sniðin að þeim. Börnin fá kynningu um orgelið og fiðludúett mun segja sögur af Jóhanni Sebastian Bach og Önnu Magdalenu Bach og spila verk eftir þau á milli," segir Ásbjörg og bætir við: „Það verður fjölbreytt og spennandi dagskrá á Sumartónleikunum fyrir fólk á öllum aldri."

RÍKISKAUP
Borgartúni 7c, 105 Reykjavík | Sími 530 1400 | www.rikiskaup.is

21240 MARKAÐSKÖNNUN FYRIR FRAMKVÆMDASÝSLUNA

FRAMKVÆMDASÝSLAN ÓSKAR EFTIR UPPLÝSINGUM UM MÖGULEGAR LÓÐIR, STAÐSETNINGAR, HÚSNÆÐI OG TÆKIFÆRUM Á SAMSTARFI Á MARKAÐI

Áform eru um að leita eftir eða útvega sérhæft húsnæði fyrir löggæslu og viðbragðsaðila á höfuðborgasvæðinu.
Löggæslu og viðbragðsaðilar: Ríkislögreglustjóri, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (öll starfsemin á Hverfisgötu og hluti af Vínlandsleið), Tollgæslan, Landhelgisgæsla (ekki flugdeildin á RVK flugvelli), Neyðarlínan, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgasvæðisins (annað en slökkvistöðvar).

Stefnt er að því að staðsetja löggæslu og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu á einum stað til að auka samstarf þeirra á milli með samnýtingu og hagræðingu í húsnæðismálum. Samkvæmt þarfagreiningu á sameiginlegu húsnæði er áætluð þörf um 26.000 m². Áætlað er að þurfi um 30.000 m² lóð undir mannvirki, bílastæði og útisvæði.

Markmiðið er að kanna framboð á lóðum sem uppfyllt geta þarfir verkefnisins. Upplýsingarnar verða m.a. notaðar vegna frekari undirbúnings á uppbyggingu fyrir starfsemina á hentugri lóð. Áætlað er að fara í útboð síðar á árinu 2020.

Kröfur til viðkomandi lóðar:

1) Lóðin verður að liggja miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.
2) Staðsetning gefi sem stystan viðbragðstíma frá Alþingisreit.
3) Útakstur af lóð sé aðgengilegur inn á stofnbrautir og nokkrar leiðir séu af lóðinni.
4) Nálægð við almenningssamgöngur (borgarlínu), göngu- og hjólaleiðir.

Um þessa markaðskönnun gilda lög um opinber innkaup 120/2016 nánar tiltekið 45 gr.

Auglýst er eftir þátttöku frá aðilum sem hafa áhuga á að koma á framfæri mögulegum lóðum/húsnæði/samstarfi.

Upplýsingar sem óskað er eftir:

a) Nafn fyrirtækisins/aðila og kennitala.
b) Staðsetning og stærð lóðar, og ef við á byggingar.
c) Lóðarblað, er sýni aðkomu að lóð og ef við á byggingu.
d) Gildandi deiliskipulag lóðar svæðis, þ.e. lóðar og aðlægra lóða.
e) Þarf að fara í breytingar á núverandi deiliskipulagi/aðalskipulagi til að uppfylla notkun lóðar?
f) Mögulegur afhendingartími lóðar.
g) Er nýtingarhæft húsnæði á viðkomandi lóð og hver er stærð þess?
h) Vill aðili koma með tillögur að útfærslu á lóð, uppbyggingu og nýtingu?
i) Vill aðili koma einhverjum ráðum eða athugasemdum á framfæri, sem kynnu að nýtast við undirbúning?

Nánari upplýsingar eru aðgengilegar í rafræna kerfinu TendSign á vefslóðinni http://utbodsvefur.is/markadskonnun-fyrir-fsr/.

Þess er óskað að svör berist Ríkiskaupum eigi síðar en 14.08.2020 í gegnum TendSign.

Kynningarfundur verður haldin fimmtudaginn 2. júlí í fundarsal við Skúlagötu 4 (Sjávarútvegshúsið) kl. 14:00 og einnig í gegnum fjarfundarkerfi Microsoft TEAMS, sem jafnfram verður tekinn upp og gerður aðgengilegur sem viðhengi. Skráning þátttakenda er í gegnum netfangið fsr@fsr.is.

Fyrirspurnarfrestur er til 05.08.2020

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

HRINGBRAUT

20.00 Verkalýðsbaráttan á Íslandi, sagan og lærdómurinn Heimildaþættir um sögu verkalýðsbaráttunnar á Íslandi í umsjá Sigmundar Ernis Rúnarsson.
20.30 Lífið er lag Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón: Sigurður K. Kolbeinsson.
21.00 Eldhugar: Sería 1 Í þættinum fara Pétur Einarsson og viðmælendur hans út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskorana lífsins.
21.30 Bærinn minn Sagt er frá sjarma og sérstöðu bæjarfélaganna hringinn í kringum Ísland.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Spaugstofan 2002-2003
09.35 Gleðin í garðinum
10.05 Íslendingar Guðrún Jónsdóttir
11.00 Úr Gullkistu RÚV. Brautryðjendur Sigrún Svavarsdóttir
11.30 Matur með Kiru
12.00 Úr Gullkistu RÚV. Þú ert hér Magga Stína
12.25 Tíundi áratugurinn
13.10 Humarsúpa innifalin
14.00 Manstu gamla daga? Árin milli stríða
14.40 Gettu betur 2005 Verzlunarskóli Íslands - Menntaskólinn á Akureyri
15.35 Poppkorn 1986
16.05 Úr Gullkistu RÚV. Fólk og firnindi Á slóð Náttfara
16.45 Menningin - samantekt
17.15 Úr Gullkistu RÚV. Gulli byggir
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Óargardýr
18.29 Bílskúrsbras
18.33 Hönnunarstirnin
18.50 Gunnel Carlson heimsækir Ítalíu
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Sumarlandinn
19.40 Mömmusoð Matreiðsluþátturinn Soð tekur áhorfendur aftur til framtíðar þar sem Kristinn eldar dýrindis mömmumat á sinn einstaka hátt.
19.55 Kanarí
20.10 Ferðir víkinga Vikings Uncovered Heimildarmynd frá BBC um rannsóknir fornleifafræðingsins Söruh Parcak og sagnfræðingsins Dans Snow sem könnuðu ferðir og sögu víkinga með hjálp gervitungla. Þau fundu minjar á stað sem nefnist Point Rosee sem gáfu vísbendingar um að víkingar hafi farið til Nýfundnalands mikið fyrr en áður var talið.
21.05 Síðustu dagar heimsveldisins The Last Post
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Glæpasveitin The Team II
23.20 Vegir Drottins Herrens veje
00.15 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 PGA Tour 2020 Útsending frá Travelers Championship.
11.00 PGA. In This Together Sérstakur þáttur um áhrif kórónuveirufaraldursins á PGA-mótaröðina.
11.20 PGA Tour 2020 Útsending frá Travelers Championship.
14.20 PGA Highlights 2020
15.20 PGA Tour 2020 Útsending frá Travelers Championship.
20.20 PGA Championship 2018

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
11.30 Dr. Phil
12.15 The Late Late Show
13.00 The Bachelorette
14.25 Will and Grace
14.50 The Block
16.05 Survivor
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Mick
19.30 The Neighborhood
20.00 The Block Vinsælasta sjónvarpssería Ástralíu er komin aftur til Íslands. The Block er frábær þáttaröð þar sem fimm pör keppast við að endurbyggja ónýtar íbúðir og búa til glæsileg híbýli. Stjórnandi þáttarins er Scott Cam.
21.00 Reef Break
21.50 The InBetween
22.35 Blood and Treasure
23.20 The Late Late Show
00.05 Love Island
01.00 Hawaii Five-0
01.45 New Amsterdam
02.30 Stumptown
03.15 Beyond
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Sumarmál. Fyrri hluti
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Sumarmál. Seinni hluti
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Tengivagninn
17.00 Fréttir
18.00 Kvöldfréttir
18.10 Brot úr Morgunvaktinni
18.30 Hvar erum við núna? Eyjar í kring um Ísland
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Sumartónleikar
20.30 Á reki með KK
21.28 Kvöldsagan. Njáls saga (10 af 25)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Sumarmál. Fyrri hluti
23.05 Sumarmál. Seinni hluti
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.00 The Upside
13.00 Teen Titans Go! To the Movies
14.25 Mr. Deeds
16.00 The Upside
18.00 Teen Titans Go! To the Movies
19.25 Mr. Deeds
21.00 Serialized
22.30 Lady Bird
00.05 Unlocked
01.40 Serialized

STÖÐ 2

08.00 Heimsókn
08.15 Masterchef USA
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 The Village
10.45 First Dates
11.35 NCIS
12.35 Nágrannar
12.55 The X-Factor
13.50 The X-Factor
14.35 The X-Factor
15.30 Grand Designs
16.15 Ísskápastríð
16.45 Stelpurnar
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.48 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Einkalífið
19.40 The Goldbergs
20.00 God Friended Me
20.45 Blindspot
21.30 Strike Back
22.25 Pressa
23.15 Last Week Tonight with John Oliver
23.50 The Bold Type
00.35 Insecure
01.05 Mr. Mercedes
01.55 Mr. Mercedes
02.40 Mr. Mercedes
03.35 Mr. Mercedes

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Mom
21.05 Supernatural
21.45 It's Always Sunny In Philadelpia
22.05 The Deuce
23.05 Krypton
23.45 Friends
00.10 Friends
00.30 Mom

STÖÐ 2 SPORT

07.40 Arsenal - Liverpool 00/01
08.10 Brentford - West Brom
09.50 AC Milan - Roma
11.35 Osasuna - Leganes
13.15 Villarreal - Valencia
14.55 KA - Leiknir
16.40 Stjarnan - Leiknir F.
18.20 Mjólkurbikarmörkin 2020
19.30 Víkingur R. - FH
21.15 Pepsi Max Stúkan Guðmundur Benediktsson fer yfir síðustu umferð Pepsi Max-deildar karla ásamt sérfræðingum Stöðvar 2 Sports. Öll helstu málefni deildarinnar eru krufin til mergjar, umdeildustu atvikin skoðuð sem og glæsilegustu tilþrifin.
22.30 Steve Dagskrá
22.45 Arsenal - Newcastle 97/98
23.10 OK búðarmótið
23.40 Icelandic Fitness and Health Expó

STÖÐ 2 SPORT 2

06.10 Lazio - Fiorentina
07.50 Leeds - Fulham
07.50 Atletico Madrid - Alavés
09.35 Preston - Cardiff City
11.15 Leicester - Chelsea
12.55 Sheffield United - Arsenal
14.40 Newcastle - Manch. City
16.20 La Liga Show 2019/2020
16.50 Inside Serie A
17.20 Torino - Lazio Bein útsending.
19.35 Genoa - Juventus
21.40 Football League Show 2019/2020
22.10 Espanyol - Real Madrid
23.50 Parma - Inter

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

SUMARTILBOÐ

20% AFSLÁTTUR

CORINNA

-20%

VERÐ 120.077 KR

VERÐ ÁÐUR 150.096 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstyrktir kantar, 5 svæðaskip pokagormakerfi, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur með hitajöfnun. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

AVIANA

-20%

VERÐ 150.244 KR

VERÐ ÁÐUR 187.780 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt þrýstijöfnunar heilsurúm (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu), sérstyrktir kantar, engin hreyfing milli svefnsvæða.Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

ALEXA

-20%

VERÐ 187.840 KR

VERÐ ÁÐUR 234.800 KR

INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA BOTN OG FÆTUR

Svæðaskipt heilsurúm, sérstyrktir kantar, 5 svæðaskipt pokagormakerfi (gefur góða aðlögun og þyngdardreyfingu) framleitt úr sérvöldi tvíhertu hágæðastáli, engin hreyfing milli svefnsvæða, góður toppur sem gefur enn betri aðlögun og þyngdardreyfingu með hitajöfnun, einstök tilfinning. Stífur, mjög sterkur botn, möguleiki á yfir 20 mismunandi litum áklæðum.

-20%

FORTE

RAFSTILLANLEGUR HÆGINDASTÓLL MEÐ HALLANDI BAKI OG FÓTASKEMLI

VERÐ 79.840 KR

VERÐ ÁÐUR 99.800 KR

EINSTAKLEGA VANDAÐUR STÓLL Á FRÁBÆRU VERÐI

-20%

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan HEILSURÚM

Will Ferrell og Rachel McAdams syngja sig í gegnum ósköp einfalda og hugljúfa sögu sem er pakkað saman í leiftrandi Eurovision-umgjörð þar sem kjarni málsins er ekki flóknari en jaja ding dong. MYND/NETFLIX

Jaja Ding Dong!

KVIKMYNDIR

Eurovision Song Contest: The Story of Fire Saga
★★★☆☆
Netflix

Leikstjórn: David Dobkin
Aðalhlutverk: Will Ferrell, Rachel McAdams, Dan Stevens, Pierce Brosnan

Netflix skrúfaði á föstudaginn loksins frá streymi margumtalaðs og langþráðs Eurovision-gríns gamanleikarans Will Ferrell, Eurovision Song Contest: The Story of Fire Saga, og myndin skaust beint í fyrsta sæti yfir vinsælasta Netflix-efnið á Íslandi.

Eðlilega, þar sem myndin fjallar um stórfenglegar hrakfarir íslenskra Eurovision-fara og er að hluta tekin upp hérna, með Húsavík sem miðju hallærislegrar söguheimsmyndarinnar. Þá fer halarófa íslenskra leikara með misstór aukahlutverk þannig að land og þjóð setja vægast sagt sterkan svip á myndina.

The Story of Fire Saga er eitthvað svo undarlega „íslensk“ að maður þarf af og til að minna sig á að hér er um fokdýra ameríska framleiðslu að ræða en ekki fjórðu myndina í Lífs-flokki Þráins Bertelssonar þar sem Vestmannaeyjar hafa breyst í Húsavík og Þór og Danni vikið fyrir þeim Lars og Sigrit í Júróvisjónlífi.

Hallærismet

Myndin hefst í Húsavík 1974 þar sem Lars Erickssong litli sér Abba sigra í Eurovision í beinni útsendingu í lit í krafti djarfrar sögufölsunar. Draumur drengsins um að syngja sig til sigurs í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva vaknar um leið og örlög hans ráðast og allt sem hann og æskuvinkona hans, Sigrit, gera í framtíðinni miðast við þetta eina takmark.

Þegar Pierce Brosnan hefur fordæmt Abba-bröltið á skemmtilega bjagaðri íslensku, í hlutverki föður Eriks, víkur sögunni til vorra daga þar sem Lars og Sigrit hafa fullorðnast sem Will Ferrell og Rachel McAdams.

Allt annað virðist frosið í tíma og Ísland í dag er enn skrumskæld Húsavík 1974 og því þarf engan að undra að þegar æskuvinirnir fá tækifæri til þess að keppa í Eurovision fyrir Íslands hönd þá þurfa þau ekkert að hafa fyrir því að setja alveg ný viðmið í hallærislegheitum í margrómaðri Evrópumeistarakeppninni í hallærislegheitum og lélegum tónsmíðum.

Einhverjir hafa tekið að sér að móðgast fyrir hönd Íslendinga vegna þess hvernig mörlandinn birtist í myndinni en það er vitaskuld fullkominn óþarfi. Íslendingar vita þjóða best að öll athygli er betri en engin og þjóðin er vitaskuld löngu orðin svo hipp og kúl á vettvangi alþjóða að geta vel staðið hlæjandi undir þessu góðlátlega skensi.

Þá þurfum við hvorki að skammast okkar fyrir álfana okkar né leikarana sem koma sveitó stemningunni fullkomlega til skila með Hannes Óla Ágústsson fremstan meðal senuþjófa í hlutverki digurbarkans Olaf Yohansson sem heldur til streitu þeirri fullkomlega eðlilegu kröfu að við fáum að heyra Jaja Ding Dong sem oftast.

Kunnuglegt stef

The Story of Fire Saga sver sig fullkomlega í ætt við allar aðrar gamanmyndir sem hverfast um Will Ferrell og þroskasögu einhvers konar lúða eða hrokagikks sem þarf að hlaupa á nokkra múrveggi til þess að sjá villur síns vegar og rísa upp sem góðmennið sem hann er í raun og veru er.

Ferrell reynir þarna ekki einu sinni að finna upp hjólið, þótt hann fari mikinn í hamsturshjóli þegar myndin tekur almennilega flugið. Hann er bara Will Ferrell og lætur sér, að því er virðist, bara lynda ágætlega að standa sem slíkur í skugga Rachel McAdams sem setur miklu meiri dýpt og tilfinningatrukk í túlkun sína á Sigrit.

Handrit Ferrells og Andrews Steele er hriplek hrákasmíð þar sem þeir hirða varla um að hnýta nokkra enda saman og teygja jafnvel lopann með samsöng þekktra Eurovision-keppenda í senu sem gæti verið beint úr Baywatch-þætti.

Höfundarnir hafa ekki einu sinni fyrir því að magna upp almennilega ógn í glysgjörnum höfuðandstæðingnum, fulltrúa Rússlands. Það kemur þó vart að sök þar sem hann er, í meðförum Dans Stevens, bara svo fullkomlega dásamlegur og yfirkeyrður í glamúrnum og glimmerinu.

Kostuleg þvæla

Í raun má segja það sama um myndina alla. Hún er hálfgert drasl. Lausbeisluð og þvæla þar sem runu af kostulegum uppákomum og vissulega vænum slatta af góðum og fyndnum bröndurum er klastrað saman með ómótstæðilega grípandi „júróvisjón-lögum“ með tilheyrandi sviðsetningum og diskóglimmeri.

Kannski er sú staðreynd að það er ómögulegt að paródera paródíu stærsti galli og um leið helsti kostur myndarinnar. Vissulega er gert góðlátlegt grín að Eurovision en, að því er virðist, af talsverðri væntumþykju og virðingu fyrir fyrirbærinu þannig að Will Ferrell og hans lið hlær hér með Eurovision miklu frekar en að henni. Mögulega eina vitið í þessari vitleysu þar sem Eurovision er svo mikill skrípaleikur í eðli sínu að það er varla hægt að gera sannfærandi grín að henni. Í það minnsta ekki ljótt grín. Það yrði alltaf glatað.

Betra Eurovision en Eurovision

Köflótt og losaraleg sagan gerir það að verkum að framan af þarf að beita sig dálitlum aga til þess að halda athyglinni sem er að vísu alveg í anda Eurovision sem hefur allt of langan aðdraganda að flugeldasýningu í söng og dansi sem þyrfti í raun ekki að taka mikið meira en klukkustund.

Þegar The Story of Fire Saga tekur loks flugið á stóra sviðinu neglir hún þetta fullkomlega og verður betra Eurovision en Eurovision. Lögin sem samin eru fyrir myndina eru öll þvottekta og grípandi „júróvisjónlög“ og jafnvel mun betri en gengur og gerist. Sama má segja um sviðsetninguna. Allt 100% Eurovision. Bara aðeins betra.

Ekkert toppar samt vinsælasta lag Sigritar og Lars á barnum í Húsavík, Jaja Ding Dong, sem kjarnar í raun myndina og boðskap hennar. Þetta er einföld og innantóm þvæla, ómótstæðilega grípandi og yndisleg í einlægum hallærislegheitum sínum. Alveg eins og þessi mynd og alveg eins og Eurovision.

Þórarinn Þórarinsson

NIÐURSTAÐA: Eurovision-myndin hans Wills Ferrell er undarlegt furðuverk sem er í grunninn illa skrifað drasl en fangar um leið fyrir grunnrista galdra anda viðfangsefnisins svo fullkomlega að um einhvers konar meistaraverk hlýtur að vera að ræða.

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FRÉTTABLAÐIÐ MEÐ Í FERÐALAGIÐ!

Þú getur lesið blað dagsins á frettabladid.is og í Fréttablaðsappinu, hvar sem þú ert í sumar

FRÉTTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR

STILLANLEG RÚM | HEILSURÚM OG -DÝNUR | GAFLAR | SÆNGUR | KODDAR | SVEFNSÓFAR | STÓLAR | SÆNGURFÖT, O.FL.

SUMAR
ÚTSALA
ALLT AÐ 60%
AFSLÁTTUR

VEFVERSLUN
www.betrabak.is
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN
VIÐ SENDUM FRÍTT

FAXAFENI 5
Reykjavík
588 8477

DALSBRAUT 1
Akureyri
588 1100

SKEIÐI 1
Ísafirði
456 4566

Betra BAK

Svanur Már Snorrason og Áróra Rún, sex ára dóttir hans, njóta lífsins þegar litla kiljan hans um Egil Helgason og Kiljuna er komin úr prentsmiðjunni og bíður þess að rata til áhugasamra lesenda. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Egils saga og Kiljunnar sýnir mátt þáttarins

Svanur Már Snorrason vann á bókasafni þegar hann varð sterkt var við áhrif Egils Helgasonar og Kiljunnar sem hann rannsakaði frekar í BA-ritgerð um áhrif Egils á bókmenntalíf þjóðarinnar.

Svanur Már Snorrason komst að því eftir nokkra eftirgrennslan að lítið sem ekkert fræðilegt efni hefur verið skrifað um Kilju Egils Helgasonar, einhvern vinsælasta og langlífasta menningarþátt íslenskrar sjónvarpssögu.

Hann ákvað þá að bregðast við þessum skorti með BA-ritgerð sinni í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands og hefur nú, af sömu ástæðu, gefið hana út í litlu kveri, kiljunni Egils saga og Kiljunnar.

„Ég var bara búinn að vera að velta fyrir mér hinu og þessu til að fjalla um og fór eitthvað að pæla í Agli og Kiljunni og fann enga ritgerð eða neitt mikið um þáttinn og Egil," segir Svanur sem ákvað að „rýna aðeins í þáttinn og kallinn".

Bækur á biðlista

Rannsóknarspurningin sem Svanur leitast við að svara er hvort bókmenntaþátturinn Kiljan í umsjón Egils Helgasonar sé áhrifamikill þáttur varðandi bókmenntalíf Íslendinga.

„Jahá, ég get svo sannarlega staðfest það," segir hann og hlær. „Ég vann á bókasafni í níu ár og þar tókum við öll eftir því að á fimmtudögum, daginn eftir þáttinn, streymdi fólk inn á bókasafnið bara til þess að leita að bókum sem höfðu verið til umfjöllunar í Kiljunni kvöldið áður," segir Svanur og heldur áfram:

„Og eiginlega bara allt, sem Egill eða gagnrýnendur þáttarins fjölluðu um, var lánað út og oftast komu biðlistar þannig að maður renndi svo sem í grun að þessi þáttur væri mjög áhrifamikill."

> EF BÓK FÆR UMFJÖLLUN Í KILJUNNI ÞÁ LÁNAST HÚN ÚT. HÚN SELST.

Yfirgnæfandi áhrif

Svanur ræðir í ritgerðinni meðal annars við bókaútgefendur og verslunarstjóra hjá Eymundsson og þar ber allt að sama brunni og í bókasafninu. „Ef bók fær umfjöllun í Kiljunni þá lánast hún út. Hún selst. Og ef hún fær góða gagnrýni þá er þetta bara smellur. Bara topp tíu," segir Svanur og bætir við að þátturinn gnæfi þannig algerlega yfir bókmenntalífinu á Íslandi í dag hvað áhrif og völd varðar.

Þannig að tilfinningin á bókasafninu var ekki alveg út í bláinn?

„Alls ekki. Hún er alveg staðfest."

Alþýðuhetja í menningunni

Svanur bendir á að Kiljan byrjaði í Sjónvarpinu 2007. „Ég held það sé þrettánda árið núna og þetta er sem sagt sá menningarþáttur sem hefur verið samfellt lengst á dagskrá RÚV," segir Svanur og bendir á að þetta sýni greinilega að Egill nái til almennings.

„Það er einmitt það sem Egill hefur. Hann er svona einhvers konar venjulegur alþýðumaður. Hann talar ekkert eins og einhver fræðingur. Hann talar mannamál og almenningur hrífst af honum. Hann er ekki fjarlægur fræðimaður. Hann er nálægur alþýðumaður," segir Svanur sem í ritgerðinni talar um Egil sem „ómenntuðu" sjónvarpsstjörnuna.

„Hann er vinsæll og svona í það heila er voðalega lítið hægt að finna einhverja mikla gagnrýni á hann eða eitthvað svoleiðis. Flestum þykir hann fara vel með völdin sem hann hefur og það er vel af kallinum látið."

Toppurinn að komast í Kiljuna

Svanur skrifaði ritgerðina um Egil og Kiljuna með Úlfhildi Dagsdóttur sem leiðbeinanda en gefur hana nú út í vasabroti. „Mig langaði bara mjög mikið til þess af því að það er einmitt ekkert svona efni, eins og þessi ritgerð, til um þennan vinsæla þátt og um þennan vinsæla þáttarstjórnanda.

Ég er að vonast til þess að fólk hafi áhuga á sögu Kiljunnar og Egils og þess vegna langaði mig að prófa að gefa þetta út."

Og væri þetta þá ekki fullkomnað ef ritgerðin yrði tekin til umfjöllunar í Kiljunni?

„Jú, það væri dálítið sniðugt að einhver skoðaði eða gagnrýndi bók um Kiljuna í Kiljunni," segir Svanur og hlær. „Það væri ekkert leiðinlegt." **toti@frettabladid.is**

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

ÁFRAM
ÍSLAND
errea
KSÍ
TAKK FYRIR SAMSTARFIÐ
2002 - 2020
errea.is
errea.com

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000 **RITSTJÓRN** ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Torg ehf. **DREIFING** Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

Á að fara í útilegu?
Um 40 tjaldsvæði fyrir alla fjölskylduna
utilegukortid.is
ÚTILEGU KORTIÐ

BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Njála fyrir nútímafólk

Einn sólríkan sumardag beið ég ásamt fjölmenni fyrir utan ameríska sendiráðið þegar ég heyrði kunnuglega rödd óma um strætið. Allt í einu stóðu aðdáunaraugu allra á stilkum meðan Björgólfur Guðmundsson labbaði niður Laufásveginn í fínasta taui og líklegast að tala við Beckham í gemsanum. Sem betur fer er burðarþol gott á Laufásveginum því sjálfsöryggið var í tonnavís. Minn innri ritstjóri fór strax að kalla eftir skoðunun hinna ýmsu hvata. Svo fór að heyrast innra með mér: heyrðu, er þetta ekki maðurinn sem setti landið á hausinn og svo vappar hann bara hérna, gjammandi í gemsann og með óhneppt niður að bringu. Einsog það hefði ekki bætt efnahaginn eitthvað hefði hann komið skríðandi í Dressmann-klæðum.

Það var ekki fyrr en ég heyrði Jakob Ármannsson tala um Njálu að ég áttaði mig á því hvað hafði gerst. Þarna kom Gunnar á Hlíðarenda í fullum herklæðum og hoppaði hæð sína aftur á bak og áfram og ég var strax farinn að máta skóna hans Skamkels. Það heitir smásálarskapur og hann getur gert vart við sig þegar auðsjáanlega er dáðst að einhverjum eða þegar ber á yfirmáta gáfuðu eða hæfileikaríku fólki. Stundum grunar mig að skoðanir okkar litist helst af því hversu illa við þolum að sumum vegni vel eða njóti hylli. Það ögrar. En hvað er þá til ráða? Kannski bara að viðurkenna snilld ungrar konu sem er óþolandi greind og frambærileg og segja: ég er nóg. Ég veit ekki hvort það dugi við þunglyndi en það slær á smásálarskapinn.

FYRIR SVANGA FERÐALANGA
Kvikk ON THE GO

AHLGRENS BÍLAR - 2 TEG
349 KR/STK
2792/ 3490 KR/KG
Kvikk ON THE GO | ORKAN